




# ÁRSSKÝRSLA UMFÍ

**51. SAMBANDSÞING UMFÍ** - 11.- 13. OKTÓBER 2019 Á LAUGARBAKKA Í MIÐFIRÐI




UMFÍ
ULM


HSK
UMFÍ
Sjáumst á
Selfossi 2020
ULM



# ÁRSSKÝRSLA UMFÍ

**51. SAMBANDSÞING UMFÍ** - 11.- 13. OKTÓBER 2019 Á LAUGARBAKKA Í MIÐFIRÐI













**UMFÍ** er málsvari þess að allir geti tekið þátt á sínum forsendum. **UMFÍ** leggur áherslu á gleðina sem felst í samveru, breiðri þátttöku og trúir á gildi þess að láta gott af sér leiða, bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu. **UMFÍ** er framsækin hreyfing, sýnir frumkvæði og vinnur að markmiðum sínum á faglegan hátt. Gildi **UMFÍ** endurspeglast í ungmennafélagsandanum sem felur í sér að bæta sjálfan sig og samfélagið um leið.

# EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORMANNS . . . 9
STJÓRN UMFÍ . . . 10
ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ UMFÍ . . . 11
22. UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ . . . 12
9. LANDSMÓT UMFÍ 50+ . . . 16
UNGMENNABÚÐIR UMFÍ . . . 21
HREYFIVIKA . . . 23
UNGT FÓLK TIL ÁHRIFA . . . 25
FORVARNIR OG LÝÐHEILSA . . . 29
GETSPÁ OG GETRAUNIR . . . 31
LOTTÓ . . . 33
SJÓÐIR . . . 35
UMHVERFI OG NÁTTÚRA . . . 37
NÚTÍMALEG OG LEIÐANDI . . . 39
ÞJÓNUSTA VIÐ SAMBANDSAÐILA . . . 41
FERÐ TIL DANMERKUR Í MAÍ . . . 43
TRAUSTIR STJÓRNARHÆTTIR . . . 45
NEFNDIR . . . 47
ÖFLUGUR SAMSTARFSAÐILI . . . 49
ERLEND SAMSKIPTI . . . 53
HVATNINGARVERÐLAUN UMFÍ . . . 55
VIÐURKENNINGAR . . . 57
LÖG UMFÍ . . . 61
ÁRSREIKNINGUR . . . 65
LANDSMÓT UMFÍ FRÁ UPPHAFI . . . 76
SAMBANDSAÐILAR . . . 78

# ÁVARP FORMANNS

*Ágætu ungmennafélagar.*

Kjörtímabil þessarar stjórnar er á enda eftir skemmtileg og annasöm tvö ár. Þetta hefur verið samheldin og góð stjórn og hún unnið af heilindum að málefnum hreyfingarinnar.

**Mótahald á fullri ferð**
UMFÍ sinnir hlutverki sínu með tvenns konar nálgun. Annars vegar að styrkja sambandsaðila beint. Hins vegar að standa fyrir verkefnum og viðburðum. Á þessu starfsári fóru m.a fram Unglingalandsmót UMFÍ á Höfn í Hornafirði og Landsmót UMFÍ 50+ í Neskaupstað. Ég tel mikilvægt að mótunum sé úthlutað hverju sinni nokkur ár fram í tímann svo sambandsaðilar og viðkomandi sveitarfélag fái góðan tíma til að sinna undirbúningi þeirra. Þessir viðburðir eru mjög umfangsmiklir og þurfa margar hendur að koma að framkvæmdinni. Mér er efst í huga framlag sjálfboðaliða á viðburðum UMFÍ og færi þeim bestu þakkir stjórnar UMFÍ.

**Nýsköpun í starfi**
MeeToo-bylgjan hreyfði við mörgum á starfstímabili stjórnarinnar. Margt íþróttafólk steig fram og sagði frá sársauka sem það upplifði innan íþróttahreyfingarinnar. Slíkt á ekki að viðgangast. Stjórnvöld brugðust skjótt við ákalli sambandsaðila um áherslur og aðgerðir og hafa nú þegar verið samþykkt lög á Alþingi og í framhaldinu er í gangi ferli við að ráða samskiptaráðgjafa fyrir allt íþrótta- og æskulýðsstarf. UMFÍ hefur komið að því að vinna að nýju netnámskeiði með Æskulýðsvettvanginum. Það var tekið í notkun nú í lok september. Með slíku fyrirkomulagi er hægt að tryggja að allir sem koma að starfinu búa að ákveðinni þekkingu, óháð stað og tíma. Það er mikilvægt að halda áfram að búa til ný verkefni og verkfæri sem bæta aðstæður sambandsaðila til að halda uppi faglegu starfi.

**Nýjar ungmennabúðir**
Ungmennabúðir á Laugarvatni eru eitt af stærstu verkefnum á þessu starfsári stjórnar. Búðirnir, sem hafa verið starfræktar frá árinu 2005, voru fluttar frá Laugum í Sælingsdal til Laugarvatns í sumar. Í sumar lögðust sjálfboðaliðar, starfsfólk UMFÍ og stjórn UMFÍ á eitt um að koma húsinu í nútímalegra horf svo það uppfylli starfsleyfiskröfur. Það gekk vel og komu fyrstu skólahóparnir í Ungmennabúðirnar í lok ágúst. Íþróttasamband fatlaðra var með húsið á leigu í sumar en UMFÍ mun nú leigja húsið út á heilsársgrundvelli af Bláskógabyggð. Við hlökkum til samstarfsins.

**Stígum skref til framtíðar**
Við í ungmennafélagshreyfingunni þurfum að horfa til framtíðar. Þegar ég horfi til framtíðar þá felur það í sér að öll íþróttahéruð landsins séu aðilar að UMFÍ. Með inngöngu íþróttabandalaga að UMFÍ tel ég að felist mikil tækifæri. UMFÍ verði landssamband bæði í orði og borði, sterk fjöldahreyfing sem hefur hagsmuni sambandsaðila um allt land að leiðarljósi. Það á til dæmis við um breytingar á íþróttahéruðum landsins eins og stjórnvöld hafa lagt áherslu á í nýrri íþróttastefnu sinni. Stjórn UMFÍ stendur einróma að baki tillögu sem liggur fyrir þessu þingi um að íþróttabandalög fái inngöngu í UMFÍ. Ég hvet þingfulltrúa til að horfa til framtíðarmöguleika hreyfingarinnar og þau gildi sem UMFÍ stendur fyrir. UMFÍ verður sterkara fyrir vikið.

Innan UMFÍ starfar margt gott fólk á mörgum sviðum. Helgi Gunnarsson, fjármálastjóri UMFÍ, til margra ára hefur látið af störfum. Fyrir hönd stjórnar UMFÍ þakka ég honum fyrir samstarfið. Helgi hefur verið í ungmennafélagshreyfingunni svo til alla sína ævi og hefur oft verið hægt að leita upplýsinga hjá honum á skrifstofunni um flest mál tengd UMFÍ og sögu hreyfingarinnar. Helga og fjölskyldu óskum við velfarnaðar. Þá stíga Örn Guðnason, varaformaður UMFÍ, og Hrönn Jónsdóttir, ritari, einnig til hliðar á þessu þingi og gefa ekki kost á sér til endurkjörs. Ég færi þeim sérstakar þakkir fyrir mikil og ósérhlífin störf í þágu ungmennafélagshreyfingarinnar til margra ára.

Ég þakka einnig stjórnarfólki og starfsfólki okkar fyrir afar gott samstarf.

***Með ungmennafélagkveðju,***
*Haukur F. Valtýsson, formaður UMFÍ*






# STJÓRN UMFÍ 2017 - 2019



**Örn Guðnason**
varaformaður



**Hrönn Jónsdóttir**
ritari



**Guðmundur Sigurbergsson**
gjaldkeri



**Gunnar Gunnarsson**
meðstjórnandi



**Jóhann Steinar Ingimundarson**
meðstjórnandi

**Haukur F. Valtýsson**
formaður





**Ragnheiður Högnadóttir**
meðstjórnandi



**Sigurður Óskar Jónsson**
varastjórn



**Gunnar Þór Gestsson**
varastjórn



**Lárus B. Lárusson**
varastjórn



**Helga Jóhannesdóttir**
varastjórn

# ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ UMFÍ

Þjónustumiðstöð UMFÍ er í Sigtúni 42 í Reykjavík. Í þjónustumiðstöðinni er haldið utan um starf UMFÍ og sambandsaðilum og félagsmönnum veitt ýmis þjónusta. Þar er einnig aðstaða til fundahalda sem er nýtt til stjórnarfunda, nefndarstarfa og fleiri viðburða á vegum UMFÍ og leigjenda í þjónustumiðstöð UMFÍ.

**Í þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík starfa:**
Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, ritstjóri og kynningarfulltrúi UMFÍ, Sabína Steinunn Halldórsdóttir, landsfulltrúi UMFÍ, Ragnheiður Sigurðardóttir, landsfulltrúi UMFÍ, og Guðbirna K. Þórðardóttir ritari. Helgi Gunnarsson, fjármálastjóri UMFÍ, lauk störfum í maí 2019 fyrir aldurs sakir.

UMFÍ rekur jafnframt þjónustumiðstöð að Víðigrund 5 á Sauðárkróki. Þar starfar Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi og framkvæmdastjóri móta UMFÍ. Hann hefur jafnframt aðstöðu í þjónustumiðstöðinni í Sigtúni á fjölmörgum ferðum sínum um landið.

**Ungmennabúðir UMFÍ**
Í Ungmennabúðum UMFÍ á Laugarvatni starfa: Anna Margrét Tómasdóttir, forstöðumaður og frístundaleiðbeinendurnir, Aron Ingi Einarsson, Barbara Georgsdóttir Fialová, Dagmar Tara Eðvaldsdóttir, Jörgen Nilsson, Rajeer Ayer og Þorsteinn Hauksson. Marta Sigurðardóttir er matráður.

UMFÍ leigir aðstöðu í þjónustumiðstöðinni og eru samlegðaráhrif þar á milli.

Eftirfarandi fyrirtæki, félagasamtök og starfsmenn eru með aðsetur í þjónustumiðstöð UMFÍ:

**ÍMARK** (www.imark.is) - samtök íslensks markaðsfólks. Jón Þorgeir Kristjánsson er framkvæmdastjóri samtakanna.

**Falcor** (www.falcor.is) - kvikmyndaupptaka og framleiðsla fyrir fyrirtæki og félagasamtök innan sem utan landsteina. Gunnar Örn Heimisson er framkvæmdastjóri.

**Landssamband eldri borgara** - LEB (www.leb.is). Þórunn Sveinbjörnsdóttir er formaður samtakanna.

**Fræðsla og forvarnir** - Fræ (www.forvarnir.is). Árni Einarsson er framkvæmdastjóri Fræ.

**Æskulýðsvettvangurinn** - ÆV (www.aev.is). UMFÍ er aðili að vettvanginum og flyst aðstaða hans á milli aðildarfélaga á nokkurra ára fresti. Verkefnastjóri ÆV er Sema Erla Serdar.

**Verktakafyrirtækið Prostone** leigði skrifstofurými megnið af árinu 2019. Á haustmánuðum flutti fyrirtækið út. Í staðinn flutti inn fyrirtækið Sóló, bókhalds- og fjármálaþjónusta.





Gildi **UMFÍ** endurspeglast í ungmennafélagsandanum sem felur í sér að bæta sjálfan sig og samfélagið um leið.




**UMFÍ** eflir þátttöku í íþróttum og hreyfingu. **UMFÍ** er málsvari þess að allir geti tekið þátt á sínum forsendum. Ein af leiðum **UMFÍ** til að bæta lýðheilsu fólks er að standa fyrir fjölbreyttum verkefnum sem stuðla að hreyfingu með áherslu á nýjungar í hefðbundnum sem óhefðbundnum greinum.




# 22. UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ

## 2019 Á HÖFN Í HORNAFIRÐI

Unglingalandsmót UMFÍ fór fram á Höfn í Hornafirði um verslunarmannahelgina, dagana 1. - 4. ágúst 2019. Þetta var 22. Unglingalandsmót UMFÍ og í þriðja sinn sem mótið er haldið á Höfn. Mótshaldarar voru Ungmennasambandið Úlfljótur og sveitarfélagið Hornafjörður.

Framkvæmdastjóri mótsins var Ómar Bragi Stefánsson en Gísli Vilhjálmsson var ráðinn verkefnastjóri mótsins á Höfn. Heildarfjöldi þátttakenda var samtals 960 einstaklingar, 448 stúlkur og 512 drengir á aldrinum 11 - 18 ára.

Í aðdraganda mótsins var fjallað um mótið í Skinfaxa og á fleiri miðlum UMFÍ. Auglýsingaplaköt voru hengd upp í íþróttahúsum og sundlaugum víða um land auk þess sem keyptar voru auglýsingar í öllum héraðs-fréttablöðum á landinu. Mótið var jafnframt auglýst á visir.is og á samfélagsmiðlum.

Gefið var út glæsilegt mótsblað. Þar var að finna helstu upplýsingar um mótið, skipulag, viðtöl við bæði skipuleggjendur mótsins og þátttakendur í gegnum tíðina.

Skipulag mótsins var með hefðbundnu sniði.
Á fyrsta degi opnaði þjónustumiðstöðin í grunn-skólanum á Höfn og komu þátttakendur þangað til að ná í mótsgögn. Engin keppni var á fyrsta degi enda fólk að koma sér fyrir og tjalda. Um kvöldið kom plötusnúðurinn DJ Sura fram á fyrstu kvöldvökunni. Keppni hófst á mótinu daginn eftir og stóð hún fram á sunnudag. Mótinu var slitið eins og venja er með ræðuhöldum og flugeldasýningu. Við slit mótsins var jafnframt tilkynnt að Héraðssamband Þingeyinga (HSÞ) hlyti Fyrirmyndarbikar UMFÍ. Unglingalandsmót UMFÍ 2020 fer fram á Selfossi.

**Afþreying og kvöldvökur á á ULM 2019**
Eins og venja er var boðið upp á heilmikla afþreyingu fyrir alla fjölskylduna alla mótshelgina. Leikjatorg var sett upp á mótssvæðinu. Á útihandboltavelli vöktu mikla eftirtekt búningar sem þátttakendur gátu klæðst en þar var engu líkara en að sinnep væri að keppa á móti tómatsósubrúsum. Við leikjatorgið var tjaldið sem kvöldvökurnar fóru fram í. Öll kvöld voru kvöldvökur með landsþekktu tónlistarfólki. Fram komu í tímaröð: DJ Sura, Úlfur Úlfur og Salka Sól, Briet og Daði Freyr, GDRN og Una Stef & SP 74 en síðasttalda tónlistarfólkið kom fram á sunnudagskvöldinu.

**Nýjungar og góðar lausnir**
Alltaf er gaman þegar bryddað er upp á nýjungum á mótum UMFÍ. Á Landsmótinu á Sauðárkróki 2018 var biathlon (hlaupaskotfimi) kynnt í fyrsta sinn. Á Unglingalandsmóti UMFÍ á Höfn var mótsgestum leyft að prófa greinina og var keppt í henni í fyrsta sinn. Strandhandbolti og strandblak voru á meðal nýjustu greina mótsins. Á Höfn voru tveir vellir fyrir. En svo góð reyndist skráning að búa þurfti til þriðja völlinn með dags fyrirvara úr timburbrettum, túnþökum og sandi. Heimafólk leysti það verkefni með miklum sóma.

**Keppendur til fyrirmyndar**
Við slit Unglingalandsmóts UMFÍ var Vaka Sif Tjörvadóttir heiðruð sérstaklega. Vaka, sem er 11 ára, keppti í götuhjólreiðum á mótinu. Undir lok keppni sá hún að í vegkanti sat drengur sem fengið hafði astmakast. Vaka stoppaði til að hjálpa drengnum og stöðvaði bíl sem í voru ferðamenn sem höfðu púst til að gefa honum. Fleiri börn bættust í hópinn og hringdu þau á Neyðarlínuna. Þegar drengurinn hafði komist undir læknishendur héldu Vaka og vinir hennar keppni áfram en komu síðust í mark. Viðbrögð Vöku og annarra keppenda eru til fyrirmyndar.

**Keppnisgreinar**
Biathlon, bogfimi, fimleikar, frisbígolf, frjálsar íþróttir, glíma, golf, götuhjólreiðar, íþróttir fatlaðra, knattspyrna, kökuskreytingar, körfubolti, motocross, pílukast, skák, skotfimi, stafsetning, strandblak, strandhandbolti, sund og upplestur.

**Helstu styrktaraðilar**
Eimskip, Skinney-Þinganes, Nettó, Greiðslumiðlun, Alcoa, CCEP Ísland ehf, KFC, Olís og KPMG.






# ÞÁTTTAKENDUR 960

448 512

## HEILDARFJÖLDI ÞÁTTTAKENDA 2011 - 2019

| | |
|---|---|
| 2011 EGILSSTAÐIR | 1085 |
| 2012 SELFOSS | 1785 |
| 2013 HÖFN | 1100 |
| 2014 SAUÐÁRKRÓKUR | 1423 |
| 2015 AKUREYRI | 1973 |
| 2016 BORGARNES | 1314 |
| 2017 EGILSSTAÐIR | 980 |
| 2018 ÞORLÁKSHÖFN | 1279 |
| 2019 HÖFN | 960 |



## FJÖLDI SKRÁNINGA PR. ÞÁTTTAKANDA



# 22. UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ

TÖLFRÆÐI

## ALDURSSKIPTING ÞÁTTTAKENDA Á ULM 2019









**SVÖR UPP ÚR KÖNNUNINNI:**

**30% þátttakenda** voru að koma á sitt fyrsta ULM.

**99,3% þátttakenda** mæla með mótinu við aðra.

**98,9% þátttakenda** á mótinu líkaði vel og mjög vel að vera á mótinu.

**SKILABOÐ FRÁ ÞÁTTTAKENDUM MÓTSINS:**

- Rosalega flott, við ætlum pottþétt aftur.
- Best heppnaða landsmót sem við höfum farið á.
- Einstök og falleg stemming sem einkennir ULM ár hvert. Keppniaðstaðan á Hornafirði til mikillar fyrirmyndar
- Þakklæti til starfsfólks og skipuleggjendur mótsins.
- Flottasta forvarnarverkefni á landinu og hvet þá sem draga vagninn til að halda þessu góða starfi áfram og gefa ekkert eftir.
- Virkilega flott og skemmtilegt mót. Börnin mín ákveðin í að taka þátt í enn fleiri greinum á næsta ári. Allt algjörlega til fyrirmyndar.
- Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna, unga sem aldna.
- Virkilega flott í alla staði, allt skipulag til fyrirmyndar.
- Þakkir fyrir frábæra hugmyndafræði og afþreyingu fyrir þennan aldur um verslunarmannahelgar.
- Sjáumst á Selfossi 2020!




**UMFÍ** vinnur markvisst að því að skapa vettvang og verkefni sem mæta þörfum landsmanna og hvetur þá til þátttöku. Markmiðið er að allir þjóðfélagshópar hafi aðgengi og geti tekið þátt í fjölbreyttri hreyfingu. Ein þeirra leiða er að miðla upplýsingum til sambandsaðila, aðildarfélaga þeirra, þjálfara og sjálfboðaliða.

# 9. LANDSMÓT UMFÍ 50+

## 2019 Í NESKAUPSTAÐ

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið í Neskaupstað dagana 28. - 30. júní. Landsmót UMFÍ 50+ var fyrst haldið árið 2011 og var því þetta níunda mót UMFÍ fyrir 50 ára og eldri. Mótshaldarar voru Ungmenna- og íþróttasambands Austurlands (UÍA) ásamt sveitarfélaginu Fjarðabyggð.

Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi UMFÍ, og framkvæmdastjóri móta UMFÍ, hélt sem fyrr um alla þræði mótsins, stýrði undirbúningi og framkvæmd þess. Ekki var ráðinn sérstakur verkefnastjóri til starfsins líkt og í tengslum við sum verkefni UMFÍ og Unglingalandsmót UMFÍ.

Heildarfjöldi þátttakenda var 266 einstaklingar, 171 karlar og 95 konur. Landsmót UMFÍ 50+ í Neskaupstað hófst eins og venja er á föstudeginum og lauk því á sunnudegi. Mótið var sett með hátíðlegum hætti í íþróttahúsinu í Neskaupstað. Heimamenn komu fram við setninguna ásamt því að stjórna fánahyllingu. Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, og Karl Óttar Pétursson, bæjarstjóri sveitarfélagsins Fjarðabyggðar, héldu ávörp. Einar Ágúst Víðisson, liðsmaður hljómsveitarinnar Skítamórals, og fleira tónlistarfólk tók lagið. Við mótssetningu var keppt í línudansi og tóku tveir hópar þátt.

Í aðdraganda mótsins var fjallað um mótið í Skinfaxa og á fleiri miðlum UMFÍ. Auglýsingaplaköt voru hengd upp í íþróttahúsum og sundlaugum víða um land auk þess sem keyptar voru auglýsingar í öllum héraðsfréttablöðum á landinu og í sumum 2-3 auglýsingar. Mótið var jafnframt auglýst á visir.is og á samfélagsmiðlum.

Glæsilegt mótsblað var gefið út í tengslum við mótið með skemmtilegum viðtölum, upplýsingum tengdum mótshaldinu og fleiru.

Skipulag mótsins var með hefðbundnu sniði. Á fyrsta degi opnaði þjónustumiðstöð þar sem þátttakendur gátu náð í mótsgögn og nálgast helstu upplýsingar um mótið. Á laugardagskvöldinu var haldið skemmtikvöld með hátíðarkvöldverði. Veislustjóri var Jens Garðar Helgason. Danshljómsveit Guðmundar R. Gíslasonar lék fyrir dansi. Mótinu var slitið eins og venja var að lokinni keppni í stígvélakasti. Þar flutti ávarp Ragnheiður Högnadóttir, sem sæti á í stjórn UMFÍ. Hún þakkaði gestum fyrir þátttökuna og minnti á Landsmót UMFÍ 50+ sem fram fer í Borgarnesi árið 2020.

**Keppnisgreinar**
Boccía, bridds, frjálsar íþróttir, frisbígolf, garðahlaup, golf, línudans, lomber, pílukast, pútt, pönnukökubakstur, ringó, skák, stígvélakast, strandblak og sund.

**Helstu styrktaraðilar**
SÚN, Sparisjóður Austurlands, Greiðslumiðlun og Síldarvinnslan.

**Hafði ekki tíma fyrir verðlaun**
Bræðurnir Markús og Jón M. Ívarssynir úr Flóahreppi hafa ætíð keppt í mörgum greinum á mótinu í gegnum tíðina. Engin breyting var þar á í Neskaupstað og voru þeir skráðir til leiks í frjálsum íþróttum. Þeir bræður eru jafnframt í farsælu ringóliði. Markúsi gekk vel í frjálsum og hreppti gull í hástökki. Hann hafði hins vegar engan tíma til að taka við verðlaununum því um leið og keppni í frjálsum lauk var ringólið þeirra Markúsar og Jóns að hefja leik. Þurftu þeir því frá að hverfa á harðahlaupum. Markús fór hins vegar ekki af mótinu án gullsins því Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, afhenti honum það daginn eftir keppnina. Þess má geta að sprettur bræðranna borgaði sig því ringólið þeirra fór með sigur af hólmi á mótinu.









# ÞÁTTTAKENDUR 269




## HEILDARFJÖLDI ÞÁTTTAKENDA 2012 - 2019




## FJÖLDI SKRÁNINGA PR. ÞÁTTTAKANDA



# 9. LANDSMÓT UMFÍ 50+

TÖLFRÆÐI

## ALDURSSKIPTING ÞÁTTTAKENDA Á LANDSMÓTI 50+










Markmið **UMFÍ** er að styrkja og efla leiðtogahæfileika og sjálfsmynd einstaklinga.

# UNGMENNABÚÐIR UMFÍ

## Á LAUGARVATNI

Ungmennabúðir UMFÍ hafa verið starfræktar að Laugum í Sælingsdal í Dalabyggð frá því í janúar árið 2005. Þangað hafa um 2.000 nemendur í níunda bekk grunnskóla landsins komið viku í senn á hverju skólaári. Haustið 2019 var síðasti veturinn á Laugum og flutti starfsemin í íþróttamiðstöðina svokölluðu í dásamlegu og líflegu umhverfi á Laugarvatni.

Orðspor Ungmennabúða UMFÍ hefur vaxið jafnt og þétt í gegnum árin og eru skólahópar víða að frá landinu þéttbókaðir alla virka daga í ungmennabúðunum út skólaárið.

Viðburðir í Ungmennabúðum UMFÍ eru í formi námskeiða sem tengjast meginstoðum ungmennafélagshreyfingarinnar. Þar er lögð áhersla á útivist, hreyfingu og félagsfærni og er markmið dvalarinnar að styrkja félagsfærni ungmenna, efla vitund þeirra fyrir umhverfi sínu og samfélagi auk þess að hvetja þau til að hafa heilbrigðan lífsstíl að leiðarljósi.

**Laugar - Laugarvatn**
Ungmennabúðir UMFÍ hófu starfsemi á Laugum í Sælingsdal árið 2005 og gerðu UMFÍ og sveitarstjórn Dalabyggðar langtímasamning sem náði fram í maí árið 2019. Húsnæðið að Laugum var farið að láta á sjá undir það síðasta og þarfnaðist mikilla endurbóta ef vel ætti að vera. Dalabyggð, sem eigandi fasteignanna, hefur haft þær í söluferli um nokkurt skeið og leit út fyrir það í byrjun árs að nýr eigandi kæmi að fasteignunum. Ekkert varð af sölunni og voru þær auglýstar til sölu á ný sumarið 2019. Þessar forsendur leiddu m.a. til þess að stjórn UMFÍ ákvað að láta samninginn enda sitt skeið og flytja Ungmennabúðirnar í gömlu íþróttamiðstöðina á Laugarvatni.

Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, og Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar, skrifuðu í mars 2019 undir samning um leigu á Íþróttamiðstöðinni til næstu tíu ára.

Vorið og sumarið 2019 einkenndist af endurbótum á gömlu íþróttamiðstöðinni á Laugarvatni og hefur það tekið stakkaskiptum. Gamlir nemendur í íþróttafræðum þekkja húsið og nánasta umhverfi vel. Húsið var heimavist Íþróttakennaraskóla Íslands um árabil og var þar auk þess starfrækt íþróttamiðstöð UMFÍ, ÍSÍ og menntamálaráðuneytis, það notað fyrir námskeið, æfingabúðir og aðra íþróttatengda viðburði.

Stefnt er að því að íþrótta- og ungmennafélög fái tækifæri til að nýta sér aðstöðuna í húsinu þegar nemendur dvelja þar ekki, svo sem um helgar, á tyllidögum og yfir sumartímann. Eftir því er leitað að fá húsið á leigu. Kanadíska fyrirtækið Makwa, sem skipuleggur ferðir fyrir ungt fólk, leigði húsnæðið í júlí og hluta af ágúst. Í júní leigði svo Íþróttasamband fatlaðra húsið undir sumarbúðir í hálfan mánuð. Sumarbúðirnar hafa verið fastur liður í sumarstarfi fatlaðra fyrir 18 ára og eldri í um þrjátíu ár og hafa þær ávallt verið í gömlu Íþróttamiðstöðinni. Nú bauð þar Íþróttasamband fatlaðra í fyrsta sinn upp á ævintýra- og íþróttabúðir fyrir 10-14 ára. Mikil ánægja var með tilraunina og þykir líklegt að ævintýrabúðirnar verði aftur í boði næsta sumar.












**UMFÍ** leggur áherslu á að vera nútímaleg, aðgengilega og leiðandi samtök í stöðugri framþróun. Samtökin bregðast við og laga sig að breyttum þörfum samfélagsins. Markmiðið er að þátttaka í viðburðum og verkefnum sé öllum opin og að viðburðir séu fjölbreyttir og einkennist af nýjungum jafnt sem hefðbundnum og þjóðlegum þáttum.

# HREYFIVIKA UMFÍ

Hreyfivika UMFÍ fór fram dagana 28. maí – 4. júní árið 2019. Vikan hefur fest sig víða í sessi og fjölmargir boðberar hreyfingar um allt land hafa unnið ötullega að því að kynna kosti þess fyrir landsmönnum að hreyfa sig reglulega. UMFÍ hefur síðastliðin sjö ár tekið þátt í evrópskri lýðheilsuherferð undir nafninu Now We Move. Hér á landi kallast herferðin Hreyfivika UMFÍ.

Markmið verkefnisins er að fá hundrað milljónir fleiri Evrópubúa til að hreyfa sig reglulega fyrir árið 2020. Rannsóknir sýna að einungis þriðjungur íbúa í Evrópu hreyfir sig reglulega.

Eitt af markmiðum verkefnisins er að kynna kosti þess að taka reglulega virkan þátt í hreyfingu og íþróttum. UMFÍ tekur verkefnið sem langhlaup og hvetur alla til að finna sína uppáhalds hreyfingu og stunda hana reglulega eða að minnsta kosti í 30 mínútur daglega.

Hreyfivika UMFÍ var sem fyrr unnin í samstarfi við Ölgerðina. Myndband sem gert var á síðasta ári var uppfært. Ölgerðin lét gera plaköt sem hengd voru upp víða um land og Hreyfivikan auglýst í útvarpi og sjónvarpi.

Hreyfivika UMFÍ var ekki sett með formlegum hætti. Þess í stað náði fjöldi viðburða sem hitað var upp í, í aðdraganda vikunnar, hámarki þegar vikan hófst. Í Reykjanesbæ var viðburður við skátaheimili Heiðarbúa við Hringbraut og á túninu á bak við skrifstofu sýslumanns. Fjöldi ungmenna tók þátt í viðburðinum.

Fjöldi viðburða var í Hreyfivikunni víða um land sem boðberar hreyfingar skipulögðu. Í Hreyfivikunni þetta árið var lögð áhersla á að fá fyrirtæki til að taka þátt í henni. Lyfja og Orka náttúrunnar tóku virkan þátt og brydduðu boðberar hreyfingar hjá fyrirtækjunum upp á ýmsum viðburðum til að hvetja samstarfsfólk sitt til þess að hreyfa sig. Fleiri fyrirtæki hafa lýst yfir vilja til þátttöku á næsta ári.

Sundkeppni sveitarfélaganna er einn liður í Hreyfiviku UMFÍ. Sundkeppnin hefur verið haldin frá árinu 2015 en féll niður árið 2018. Í ár var sundkeppnin endurvakin. Alls tóku 26 sundlaugar þátt, í 20 sveitarfélögum. Sundlaugin á Kirkjubæjarklaustri fór með sigur af hólmi þetta árið með 264,8 metra synta á hvern íbúa í bæjarfélaginu.

**Gunnskólakeppni UMFÍ og Kristals**
Helsta nýjungin í Hreyfiviku UMFÍ var grunnskólakeppni UMFÍ og Kristals, vörumerkis Ölgerðarinnar sem er opinber styrktaraðili Hreyfivikunnar. Keppnin gekk út á að nemendur hreyfi sig eins mikið og þeir geti og fái aðra á hreyfingu með sér. Nokkrir skólar tóku þátt í tilraunaverkefninu og er það þess virði að endurtaka leikinn að ári.

Nemendur í Grunnskóla Ísafjarðar stóðu sig best í keppninni. Í verðlaun veitti Kristall skólanum 100.000 króna peningagjöf og var ávísun með upphæðinni afhent við skólaslit. Þau skilyrði fylgdu gjöfinni að ávísunina átti að gefa íþróttafélagi sem nemendur völdu. Héraðssamband Vestfjarða (HSV) varð fyrir valinu. Framkvæmdastjóri HSV ákvað hins vegar að gefa skólanum peninginn til baka og er stefnan á að upphæðin gangi upp í kaup á niðurgröfnu trampólíni á skólalóðinni.









**UMFÍ** hefur frumkvæði að aukinni samvinnu og samskiptum innan íþróttahreyfingarinnar með því að auka samstarf við samtök í æskulýðs- og lýðheilsustarfi. Markmið **UMFÍ** er að skapa ungmennum vettvang til áhrifa.

# UNGT FÓLK TIL ÁHRIFA

## Í BORGARNESI

Ungmennaráðstefna UMFÍ, Ungt fólk og lýðræði, var haldin í Borgarnesi dagana 10. - 12. apríl 2019. Yfirskrift ráðstefnunnar var Betri ég - Hvernig get ég verið besta útgáfan af sjálfum mér? Þátttakendur voru ungmenni á aldrinum 16 - 25 ára og komu þau víðs vegar af landinu. Kalla má þátttakendur sérfræðinga í málefnum ungmenna, verandi ungmenni sjálf. Auk ungmenna tók starfsfólk ungmennaráða sveitarfélaga og ráðamenn þátt. Heildarfjöldi þátttakenda var um 85 manns.

Ungmennaráð UMFÍ hafði veg og vanda að ráðstefnunni. Ráðstefnan hefur verið haldin árlega frá 2009 og hefur því fest sig í sessi á meðal mikilvægustu viðburða fyrir ungt fólk á Íslandi. Ráðstefnan var styrkt af Erasmus+.

Dagskrá ráðstefnunnar var fjölbreytt og innihélt hún verkfæri og hugmyndir fyrir þátttakendur hvernig hægt er að bæta sig sem einstakling og líða betur í eigin skinni og huga. Fyrirlesarar voru Jón Halldórsson, framkvæmdastjóri KVAN. Unnur Arna Jónsdóttir og Hrafnhildur Sigurðardóttir frá Hugarfrelsi og áhrifavaldarnir Fanney Dóra og Erna Kristín. Auk fyrirlestra fór fram mikil hópavinna, tómstundasmiðjur og kvöldvökur.

Góð þátttaka var frá ráðamönnum á ráðstefnunni. Á setningu mættu og fluttu ávörp Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, dómsmálaráðherra. Gunnlaugur Júlíusson, sveitastjóri Borgarbyggðar, Salvör Nordal, umboðsmaður barna og Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ. Í pallborðsumræður mættu og tóku þátt Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra. Soffía Ámundadóttir, formaður íþróttanefndar ríkisins. Guðmundur Ari Sigurjónsson, stjórn Samband íslenskra sveitarfélaga. Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ. Sigurður Guðmundsson, framkvæmdastjóri UMSB og Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, verkefnastjóri verkefnisins Sjúkást.

Nýbreytni var notuð við gerð á skilaboðum/ályktun frá þátttakendum eftir ráðstefnuna. Útbúnar voru sex myndir með mismunandi skilaboðum til stjórnvalda með rökstuðningi. Myndirnar voru birtar á samfélagsmiðlum og sendar til fjölmiðla, þátttakenda og stjórnvalda að lokinni ráðstefnu.














# UNGT FÓLK TIL ÁHRIFA

## Í BORGARNESI

### KÆRU STJÓRNVÖLD. UNGT FÓLK VILL JÖFN TÆKIFÆRI TIL AÐ STUNDA SKIPULAGÐAR TÓMSTUNDIR ÓHÁÐ BÚSETU.

Kæru stjórnvöld. Aðgengi að tómstundum getur verið erfitt í litlum sveitarfélögum og þarf margt ungt fólk að ferðast langar leiðir til að stunda íþróttir eða tómstundir. Stjórnvöld þurfa að létta undir með ungu fólki á landsbyggðinni með auknum frístunda- og ferðastyrkjum svo þau geti sinnt tómstundum sínum og íþróttaiðkun óháð því hvar foreldrar þeir búa. Í tómstundastarfi felst forvörn og stuðningur við það að einstaklingar verði besta útgáfan af sjálfum sér.

### KÆRU STJÓRNVÖLD. UNGT FÓLK VILL LÆKKA KOSNINGAALDUR Í 16 ÁR.

Kæru stjórnvöld. Við teljum ungt fólk hafa nægan þroska til að geta kynnt sér málefni mismunandi flokka. Við byrjum að greiða skatta 16 ára en fáum ekki að ráða í hvað peningarnir fara. Öll málefni eru málefni ungs fólks. Við erum ekki bara framtíðin heldur erum við nútíðin. Við erum til staðar hér og nú. Að taka virkan þátt í eigin samfélagi stuðlar að því að við verðum besta útgáfan af okkur sjálfum og hvetur okkur til frekari þátttöku í framtíðinni.

### KÆRU STJÓRNVÖLD. UNGT FÓLK VILL AÐ ALLT NÁM VERÐI METIÐ JAFNT.

Kæru stjórnvöld. Þegar nám er metið á jafnan hátt þá eykur það líkurnar á að ungt fólk sæki sér menntun. Það fjölgar tækifærum þeirra, eykur líkurnar á því að fólk fái hærri tekjur en ella. Hærri laun skila sér til þjóðarbúsins. Menntun bætir lífsgæði og er í samræmi við stefnu UMFÍ. Tækifæri til að stunda námið sem ég vil gerir mér kleift að verða besta útgáfan af mér.

### KÆRU STJÓRNVÖLD. UNGT FÓLK KREFST AUKINNAR ÞJÓNUSTU Í GEÐHEILBRIGÐIS MÁLUM.

Kæru stjórnvöld. Okkur finnst geðheilbrigðisþjónusta á Íslandi of dýr og biðlistar alltof langir. Sumir geta ekki beðið mjög lengi! Okkur finnst að þjónusta hjá sálfræðingum eigi að vera niðurgreidd eins og önnur læknisþjónusta. Ungmenni eiga líka að hafa aðgang að menntuðum sálfræðingum á öllum skólastigum. Sálrækt á stóran part í því að verða besta útgáfan af okkur sjálfum.

### KÆRU STJÓRNVÖLD. ÞAÐ ERU HREINLEGA EKKI NÆGILEGA MARGAR KLUKKUSTUNDIR Í SÓLARHRINGNUM.

Kæru stjórnvöld. Það er erfitt að stunda íþróttir, lifa fjölbreyttu félagslífi, njóta stunda með fjölskyldu og vinum og sofa nóg. En við þurfum líka að vinna, safna fyrir fyrir bíl, íbúð og námsgjöldum, leggja hart að okkur til að fá góðar einkunnir og vera í líkamlega og andlegu jafnvægi. En stytting framhaldsskóla úr fjórum árum í þrjú eykur álagið á okkur mikið, fækkar stundum í félagsstarfi, dregur úr samveru með fjölskyldum og vinum og kemur niður á svefni. Til þess að við séum besta útgáfan af okkur sjálfum verður að létta undan álaginu og kröfunum sem til okkar eru gerðar.

### KÆRU STJÓRNVÖLD. ÉG ER NÁMSMAÐUR OG ÞAÐ KOSTAR MIG UM 30.000KR. AÐ HEIMSÆKJA FJÖLSKYLDUNA MÍNA.

Kæru yfirvöld. Mörg ungmenni þurfa að fara langar leiðir til þess að sækja nám sitt og til að heimsækja fjölskyldur sínar. Það getur verið erfitt á landsbyggðinni og hafa því ekki allir efni á því að vera í námi og vilja á sama tíma sinna fjölskyldum sínum.

Þessar aðstæður valda því að sumt ungt fólk þarf að flytja fyrr úr foreldrahúsum en það ætlar til að sækja nám sitt. Á sama tíma er það á milli steins og sleggju því margt ungt fólk finnur fyrir miklum kvíða þegar langur tími líður á milli heimsókna til fjölskyldunnar. Ungt fólk hvetur stjórnvöld til að auðvelda ungu fólki að sinna námi og fjölskyldu óháð búsetu. Samvera með fjölskyldu og vinum gerir okkur kleift að verða besta útgáfan af okkur.

### HVAÐ FANNST ÞÁTTTAKENDUM UM RÁÐSTEFNUNA?

82% þátttakenda fannst innihald/efni ráðstefnunnar mjög gott eða gott.
95,5% þátttakenda lærðu eitthvað nýtt á ráðstefnunni.

**Dæmi um hvað þátttakendum fannst áhugaverðast á ráðstefnunni**

- Fyrirlesturinn frá Jóni, KVAN.
- Hvernig þú getur lært að elska sjálfan þig.
- Að heyra mismunandi skoðanir og læra nýja tækni
- Hvernig það var talað um að nota samfélagsmiðla á þann hátt að þeir gagnist ungu fólki. Í stað þess að vera alltaf að segja okkur að nota þá ekki.
- Að heyra skoðanir annarra ungmenna.

**Dæmi um lærdóm sem þátttakendur tóku með sér heim af ráðstefnunni.**

- Leiðbeiningar og tillögur um hvernig ég get verið betri útgáfa af sjálfum mér.
- Ungt fólk getur allt sem það tekur sér fyrir hendi.
- Að verða betri leiðtogi og vinur. Standa með sjálfri mér og verða betri ég.
- Mér finnst ég vera sjálfsöruggari og ég er meira að pæla í því hvernig ég kem fram við aðra.
- Þekkingu á hinum ýmsu hlutverkum innan hóps ásamt hvernig hægt er að efla þá sem eru að vinna með manni.



**Dæmi um hvað þátttakendum fannst takast vel til á ráðstefnunni**

- Pallborðsumræður með ráðamönnum
- Tómstundasmiðjurnar
- Skipulag og tímasetningar
- Flest allt bara, góðar kynningar og góðar umræður.

**Dæmi um hvað þátttakendum fannst hefði mátt betur fara á ráðstefnunni.**

- Sum erindin voru of löng.
- Vantaði meiri umræðu um pólitík.
- Ekki hafa tólf manna herbergi.
- Vantaði meiri samfélagsumræðu um heit málefni á Íslandi.
- Kannski aðeins lengri pásur.



„Börn og ungmenni sem taka þátt í skipulögðu íþróttastarfi eru mun ólíklegri til að neyta vímuefna“.



**UMFÍ** leggur áherslu á að vera leiðandi í fræðslu- og forvarnastarfi. Mikil áhersla er lögð á mikilvægi sterkrar sjálfsmyndar svo að hver og einn geti tekið upplýstar ákvarðanir um eigin hegðun og lífsstíl.

# FORVARNIR OG LÝÐHEILSA

### FORVARNADAGURINN

Forvarnadagurinn er haldinn árlega 2. október. Að deginum standa Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga, UMFÍ, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Embætti forseta Íslands, Samstarfsráð félagasamtaka í forvörnum og Embætti landlæknis sem jafnframt sér um alla verkefnastjórn fyrir verkefnið.

Blaðamannafundur í tengslum við daginn var haldinn 30. september í Fellaskóla, Breiðholti. Þar voru Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Dagur B. Eggertsson, borgastjóri í Reykjavík, og Alma D. Möller landlæknir auk fulltrúa frá UMFÍ, ÍSÍ og Skátunum. Á forvarnadaginn sjálfan heimsótti Guðni nemendur í Borgarbyggð og Mosfellsbæ og ræddi hann við þá um forvarnir. Áhersla forvarnadagsins var aukin notkun rafretta, svefn og orkudrykkir.

Forvarnadagurinn er helgaður nokkrum heillaráðum sem geta forðað börnum og ungmennum frá fíkniefnaneyslu, ráðum sem eiga erindi við allar fjölskyldur í landinu og fleiru því tengdu en íslenskar rannsóknir sýna að ungmenni, sem verja minnst klukkustund á dag með fjölskyldum sínum, eru síður líklegir til að hefja neyslu fíkniefna en aðrir. Að sama skapi sýna niðurstöður að mun ólíklegra sé að ungmenni, sem stunda íþróttir og annað skipulagt æskulýðsstarf, falli fyrir fíkniefnum. Í þriðja lagi sýna rannsóknir fram á að því lengur sem ungmenni bíða með að hefja áfengisneyslu, þeim mun ólíklegra er að þau neyti fíkniefna síðar.

### SÝNDU HVAÐ Í ÞÉR BÝR

Félagsmálanámskeiðið Sýndu hvað í þér býr fór fram nokkrum sinnum víðs vegar um landið á starfsárinu. Starfsfólk UMFÍ bregst við öllum óskum um námskeið, hvort sem um er að ræða sambandsaðila UMFÍ eða aðra hópa.

Á námskeiðinu er farið yfir ýmsa þætti er tengjast ræðumennsku, svo sem það að taka til máls, framkomu, ræðuflutning, raddbeitingu, skipan ræðu og fleira. Einnig er kennt ýmislegt sem við kemur fundarsköpum, m.a. fundarreglur, boðun funda, fundarskipan, dagskrá funda, umræður, meðferð tillagna, kosningar og fleira. Þáttakendur vinna jafnframt einföld verkefni og fara í leiki til þess að brjóta upp námskeiðið.

Stefnt er að því að efni námskeiðsins fari undir verkefnið Betra félag, sem er samstarfsverkefni UMFÍ og ÍSÍ.

### FJÖLSKYLDAN Á FJALLIÐ

Verkefnið hefur staðið í nokkurn tíma. Verkefnið fer fram með þeim hætti að sambandsaðilar UMFÍ tilnefna fjöll í verkefnið ár hvert og sjá sjálfir um að auglýsa göngur á þau. Kössum er komið fyrir á tindum fjallanna með gestabókum sem þátttakendur eru hvattir til að skrifa í. Fjöll, sem eru í verkefninu hverju sinni, eru tilgreind í Göngubók UMFÍ.

Erla Gunnlaugsdóttir fjallaði um stefnu UMFÍ í forvarnarmálum í lokaritgerð sinni í kennarafræðum frá kennaradeild Háskólans á Akureyri í vor. Í ritgerðinni skoðar Erla helstu verkefni UMFÍ. Þar á meðal Unglingalandsmót UMFÍ, ungmennaráðstefnuna Ungt fólk og lýðræði, landsmótin, Ungmennabúðir UMFÍ og þær leiðir sem stjórn UMFÍ notar til að styrkja sjálfsmynd ungmenna í starfi ungmennafélagshreyfingarinnar. Niðurstaða Erlu er að stefna UMFÍ í forvarnamálum sé alltaf leiðarljós í verkefnum ungmennafélagshreyfingarinnar.

### FORVARNARSTARF UMFÍ ER ALLTUMLYKJANDI Í STARFSEMI UMFÍ. ÞAÐ BIRTIST MEÐ ÞESSUM HÆTTI.

*1. Að vera leiðandi í forvörnum sem varðar heilsu og holla lífshætti. UMFÍ stefnir ekki einungis að því að draga úr neyslu einstaklinga heldur að bæta almenna lýðheilsu fólks.*

*2. Þjálfarar, leiðbeinendur og aðrir sem ábyrgð bera séu meðvitaðir um mikilvægi þess að halda áfengi, tóbaki og öðrum vímuefnum frá viðburðum.*

*3. UMFÍ skapi ungmennum vettvang til áhrifa og vinna hefur verið lögð í að koma ungmennaráðum til starfa hjá héraðssamböndunum. Þar verður til vettvangur fyrir ungt fólk til að koma saman, halda fundi og ræða saman, m.a. um það hvernig þau sjái framtíðina fyrir sér.*

*4. Að efla og styrkja leiðtogahæfileika og sjálfsmynd einstaklinga. Fram kemur í ritgerðinni að formaður UMFÍ hvetji héraðssambönd og aðildarfélög til að fjölga ungu fólki í stjórnum og hafa það með í starfinu.*

*5. Að efla forystufólk sambandsaðila og sjálfsmynd einstaklinga. Stjórn og framkvæmdastjóri UMFÍ hafa unnið að því að efla samstöðu og samvinnu sambandsaðila UMFÍ. Samráðsfundir efla vinnu hjá félögunum. Ungmennaráðstefnur eins og Ungt fólk og lýðræði styrkja sjálfsmynd ungs fólks.*

### UMHEIMURINN HORFIR TIL ÍSLANDS

Embættismenn og sveitarstjórnarfólk frá erlendum ríkjum hefur í meiri mæli en áður heimsótt þjónustumiðstöð UMFÍ til að fræðast um árangur Íslendinga í forvarnarmálum, aðgerðum sem stuðlað hafa að því að draga úr unglingadrykkju, skipulagt tómstunda- og æskulýðsstarf, verkefni UMFÍ og leiðir til að bæta lífsstíl ungs fólks í heimalöndum sínum. Erlendu gestirnir hafa í öllum tilvikum fundað með Auði Ingu Þorsteinsdóttur, framkvæmdastjóra UMFÍ og í sumum tilvikum starfsfólki frá Rannsóknum og greiningu.

### MEÐAL ÞEIRRA SEM HAFA HEIMSÓTT UMFÍ ÁRIN 2018 - 2019:

- Indra Saar, menntamálaráðherra Eistlands. Sveitarstjórn og starfsfólk frá bæjarfélaginu Haderslev á Suður-Jótlandi.
- Sveitarstjórn og starfsfólk frá Herning í Danmörku.
- Nature play, áströlsk samtök
- Sveitarstjórn og starfsfólk frá Odder í Danmörku.
- Íþróttasálfræðingurinn dr. Chris Harwood.
- Mario Olavarría Rodríguez, borgarstjóri Colina í Chile.





**UMFÍ** styrkir grasrótarstarf.

# GETSPÁ OG GETRAUNIR

## MIKILVÆGUR FJÁRHAGSLEGUR BAKHJARL HREYFINGARINNAR

**MIKILVÆGIR TEKJUSTOFNAR**
Árið 2018 var sérlega gott rekstrarár hjá Íslenskri getspá og Íslenskum getraunum. Stöðugleiki í sölu og rekstri Getspár hefur verið einstaklega góður undanfarin ár. Þetta er nefnt hér sérstaklega vegna þess að rekstur sem þessi er almennt ekki svona stöðugur. Pottarnir lifa sjálfstæðu lífi, ef svo má segja, því ekki er hægt að hafa stjórn á þeim. En með öflugu kostnaðareftirliti og lifandi markaðsstarfi hefur tekist að halda rekstrinum stöðugum.

Rekstur Íslenskra getrauna er mun viðkvæmari vegna erlendrar ólöglegrar spilunar. Bæði fyrirtækin starfa í erfiðu rekstrarumhverfi þar sem yfirvöld láta erlenda ólöglega spilun óáreitta á sama tíma sem fjölmargar Evrópuþjóðir hafa hert verulega á eftirliti með slíkri starfsemi og jafnvel lokað fyrir möguleika á að kaupa leiki þeirra.

Getraunir hafa á undanförnum árum fundið fyrir vaxandi samkeppni frá erlendum fyrirtækjum, án leyfis á Íslandi, sem bjóða upp á íþróttagetraunir á Íslandi og þó að vel hafi tekist til í rekstri Getrauna á síðasta ári, eru hættumerki á lofti. Þessi fyrirtæki greiða hvorki skatta né skyldur hér á landi. Framlag þeirra til samfélagsins er ekkert. Fyrirséð er að þessi fyrirtæki munu hafa neikvæð áhrif á rekstur Getrauna verði ekkert að gert. Það er því mikilvægt að forystufólk í ungmennafélagshreyfingunni upplýsi aðildarfélög og félagsmenn um mikilvægi Getspár – Getrauna fyrir hreyfinguna.

Gríðarlega miklar breytingar hafa orðið á leikjamarkaði á undanförnum árum. Og í raun sér ekki fyrir endann á þeirri öru þróun sem í gangi er. Íslensk getspá hefur staðið í stórræðum hvað endurnýjun á tækni og búnaði varðar. Frá ákvörðunartöku árið 2012 til dagsins í dag hefur fyrirtækið innleitt nýjar lausnir á hverju ári. Með skynsemi og útsjónarsemi hefur tekist að fjármagna að fullu þessar miklu breytingar án þess að eignaraðilar hafi þurft að þola niðurskurð á framlögum.  Áfram verður þó fylgst vel með þróun hvað tækniframfarir varðar.

Fulltrúi UMFÍ í stjórn Íslenskrar getspár er Örn Guðnason. Aðrir stjórnarmenn eru Bergur Þorri Benjamínsson og Þóra Þórarinsdóttir frá Öryrkjabandalagi Íslands og Lárus Blöndal og Gunnar Bragason frá ÍSÍ. Fulltrúi UMFÍ í stjórn Íslenskra getrauna er Auður Inga Þorsteinsdóttir. Aðrir í stjórn eru Hafsteinn Pálsson frá ÍSÍ, Geir Þorsteinsson frá KSÍ, Lilja Sigurðardóttir frá ÍBR og Óskar Þór Ármannsson frá Íþróttanefnd ríksins. Stöndum saman um að verja hagsmuni íþrótta- og ungmennafélagshreyfingarinnar, stöndum saman um áframhaldandi þróun og nýjungar og gleymum aldrei þeim góða málsstað sem við viljum verja í þágu íþrótta, öryrkja og ungmenna.

Stefán Konráðsson,
framkvæmdastjóri, Getspá - Getraunir








**UMFÍ** styrkir grasrótarstarf.



# LOTTÓ

## LOTTÓREGLUR OG LOTTÓÚTHLUTANIR

**I. Skipting lottótekna UMFÍ:**
1. **79%** til sambandsaðila.
2. **14%** til UMFÍ.
3. **7%** til fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ, úthlutun samkvæmt reglugerð sjóðsins.

**II. Skipting lottótekna sambandsaðila UMFÍ:**
1. **20%** er skipt jafnt samkvæmt sérstakri reglu.
2. **40%** er skipt eftir íbúafjölda samkvæmt sérstakri reglu.
3. **40%** er skipt eftir félagsmannafjölda samkvæmt sérstakri reglu.

**III. Regla vegna jafnrar skiptingar milli sambandsaðila:**
Skilyrði fyrir úthlutun hvers ár úr jafna hlutanum er að fulltrúi sambandsaðila hafi mætt á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Hlutur þeirra sem mæta ekki deilist á þá sambandsaðila sem mættu á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Að

þeim skilyrðum uppfylltum er skipting sambandsaðila sem hér segir:

**Einn hlutur:** Héraðssambönd.
**30% af hlut:** Keflavík íþrótta- og ungmennafélag, UMFN, UMFG, UMFF, UMFÞ og UFA.
**10% af hlut:** UMFÓ, USK, UMFK, Umf. Vesturhlíð og Umf. Víkverji

**IV. Regla vegna íbúafjölda:**
Félög með beina aðild að UMFÍ fá úthlutað miðað við íbúafjölda þannig að félagsmannafjöldi félags með beina aðild er margfaldaður með 1,7. Niðurstaðan er tala sem myndar íbúafjölda þeirra. Þessi reiknaði íbúafjöldi verður þó aldrei hærri en raunverulegur íbúafjöldi á félagssvæði viðkomandi félags skilgreint samkvæmt lögum þess eða skilgreindu starfssvæði þess sem sveitarfélagið setur því. Samanlagður íbúafjöldi tveggja eða fleiri félaga, sem starfa innan sama sveitarfélags, getur þó aldrei orðið hærri en íbúafjöldi viðkomandi sveitarfélags.

**V. Regla vegna félagsmannafjölda:**
Félagsmannafjöldi til grundvallar lottóúthlutun er reiknaður út einu sinni á ári og skal miðast við félagskrá sambandsaðila 31. desember ár hvert.

**VI. Aðrar forsendur fyrir úthlutun sambandsaðila:**
Starfi sambandsaðili ekki samkvæmt lögum UMFÍ kemur hann ekki til greina við úthlutun. Stjórn UMFÍ skal setja vinnureglur þar að lútandi sem taki m.a. tillit til hvort haldinn hafi verið aðalfundur/ársþing og hvort starfsskýrslu og ársskýrslu hafi verið skilað til UMFÍ.

Starfsskýrslu og ársskýrslu skal skilað eigi síðar en 15. nóvember ár hvert. Uppfylli sambandsaðili ekki þessi skilyrði skal UMFÍ frysta greiðslur til viðkomandi. Greiðsla, sem hefur verið fryst í tvö ár, rennur í fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ og er óafturkræf.Forsendur í lottóúthlutun skal miða við 31. desember ár hvert, þ.e. íbúatölu eins og hún er staðfest af Hagstofu Íslands og félagatal eins og það liggur fyrir á sama tíma. Ekkert héraðssamband eða félag með beina aðild getur fengið hærra hlutfall en 30% af lottóúthlutuninni.

**VII. Nýir sambandsaðilar**
Nýir sambandsaðilar UMFÍ fá fyrst úthlutað lottófé skv. reglugerð þessari 38 mánuðum eftir inngöngu. Félög með beina aðild að UMFÍ halda óskiptum lottógreiðslum, þar til héraðssamband þess fær lottógreiðslur samkvæmt reglugerð þessari.

**VIII. Um úthlutun**
Fyrir 15. hvers mánaðar skal úthluta öllum ágóða sem borist hefur fyrir næsta mánuð á undan. Með hverri greiðslu skal fylgja skilagrein sem sýni forsendur fyrir úthlutun.

**Bráðabirgðaákvæði**
UMFÍ skal hafa tveggja ára aðlögunartíma til að breyta greiðslutíma sem ákveðinn er í VIII. lið reglugerðarinnar.

Samþykkt á 48.sambandsþingi UMFÍ 2013.







Markmið **UMFÍ** er að efla og styrkja fjárhagslegan grunn sambandsaðila. Að kynna sjóði UMFÍ og aðra sjóði fyrir sambandsaðilum og aðildarfélögum þeirra.

# SJÓÐIR

**FRÆÐSLU- OG VERKEFNASJÓÐUR**
Fræðslusjóðurinn var stofnaður árið 1943 til minningar um Aðalstein Sigmundsson sem var formaður UMFÍ frá árinu 1930 til 1938. Verkefnasjóðurinn var stofnaður árið 1987. Samþykkt var á 47. sambandsþingi UMFÍ á Akureyri árið 2011 að sameina þessa tvo sjóði í einn og ber hann heiti þeirra beggja.

Sjóðurinn hefur þann tilgang að styrkja félags- og íþróttastarf ungmennafélagshreyfingarinnar, m.a með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun í félagsmálum og félagsstarfi. Sjóðnum er markaður tekjustofn sem er 7% af lottótekjum UMFÍ.

Umsóknarfrestir í sjóðinn eru tveir á ári hverju. 1. apríl og 1. október. Fyrir hvern umsóknarfrest berast um eða yfir hundrað umsóknir sem sjóðsstjórn fer yfir. Í sjóðsstjórn sitja Örn Guðnason, varaformaður UMFÍ, Hrönn Jónsdóttir, ritari stjórnar UMFÍ, og Ragnheiður Högnadóttir, meðstjórnandi stjórnar UMFÍ. Haustið 2018 var úthlutun 7.480.500kr. til 117 verkefna. Vorið 2019 var úthlutun 8.518.000kr. til 136 verkefna.

**Hvernig verkefni hljóta styrk?**
Sem dæmi um verkefni sem hlotið hafa styrk úr síðustu úthlutunum má nefna að USVH hlaut styrk fyrir sjálfsvarnarnámskeið fyrir konur. Glímufélag Dalamanna fyrir fyrirlestri um markmiðasetningu. Umf. Þróttur fyrir gerð heimildamyndar um sögu UMFÞ. Umf. Stjarnan og HSÞ fyrir stefnumótunarvinnu og Umf. Breiðablik fyrir eflingu íþrótta eldri borgara. Allar úthlutanir má sjá á heimasíðu UMFÍ.

**UMHVERFISSJÓÐUR UMFÍ**
Sjóðurinn var stofnaður árið 2002 til minningar um Pálma Gíslason, formann UMFÍ 1979 til 1993, og ber sjóðurinn nafn hans. Stofnfé sjóðsins er framlag fjölskyldu Pálma heitins og UMFÍ. Á tímabili var sjóðnum markaður tekjustofn sem var framlag sambandsaðila UMFÍ. Veitt var úr sjóðnum í fyrsta sinn árið 2008.

Pálmi Gíslason var fæddur 2. júlí 1938 og var hann í forystusveit UMFÍ um áratuga skeið. Hann var meðal annars formaður íþróttanefndar USAH árið 1960 - 1961, sat í stjórn frjálsíþróttadeildar Breiðabliks í mörg ár og sat um tíma í stjórn Breiðabliks. Þá sat hann í stjórn UMSK og í mörgum landsmótsnefndum, bæði á vegum UMSK og UMFÍ. Pálmi sat í varastjórn UMFÍ árin 1969 - 1973 og var formaður UMFÍ frá 1979 til 1993. Pálmi lést af slysförum árið 2001. Fjölskylda Pálma setti sjóðinn á laggirnar í minningu hans ásamt ungmennafélagshreyfingunni og öðrum velunnurum.

Fyrstu styrkirnir úr Umhverfissjóði UMFÍ voru veittir við hátíðlega athöfn í júlí 2008.

Umsóknarfrestur er til 15. apríl ár hvert. Skilyrði fyrir styrkjum er að styrkþegi sé félagi/félag í UMFÍ og verkefnið sé umhverfisverkefni.

**Hvernig verkefni hljóta styrk?**
Sem dæmi um verkefni sem hlutu styrk úr síðustu úthlutun má nefna að Umf. Samherjar hlaut styrk vegna merkingar á göngu- og hlaupaleiðum. Íþróttafélagið Höfrungur vegna útivistarsvæði á Oddanum og Umf. Vesturhlíð vegna Pálmalundar. Allar úthlutanir má sjá á heimasíðu UMFÍ.

## ÚTHLUTANIR

**FRÆÐSLU- OG VERKEFNASJÓÐUR**
101 verkefni 2014 - 11.494.000 kr.
100 verkefni 2015 - 11.131.700 kr.
134 verkefni 2016 - 14.149.000 kr
152 verkefni 2017 - 14.699.500 kr
199 verkefni 2018 - 16.214.250 kr.
136 verkefni 2019 - 8.518.000 kr. (Fyrri úthlutun)

**UMHVERFISSJÓÐUR**
10 verkefni 2016 - 1.050.000 kr.
8 verkefni 2017 - 950.000 kr.
5 verkefni 2018 - 300.000 kr.
8 verkefni 2019 - 1.050.000 kr.







**UMFÍ** er umhugað um náttúru og umhverfi.

# UMHVERFI OG NÁTTÚRA

**ÞRASTASKÓGUR**
Þrastaskógur í Grímsnesi er í eigu UMFÍ og fellur undir skógræktarátak ungmennafélaganna.
Þetta er 45 hektara skógarsvæði sem liggur frá Álftavatni og niður með Soginu að Þrastarlaundi. Tryggvi Gunnarsson þingmaður átti landið og gaf hann það Ungmennafélaginu á afmælisdegi sínum 18. október árið 1911. Skógurinn sameinaði ungmennafélaga víða að og hófu þeir strax gróðursetningu. Langt er um liðið síðan fólk tók að reisa sér sumarbústaði í Þrastaskógi og er svæðið nú eitt vinsælasta og þéttsetnasta útivistarsvæði landsins.

UMFÍ á hluta af jörðinni, veiðiréttindi og tjaldsvæðið en hefur selt veitingastaðinn Þrastalund. Eigandi Þrastalundar hefur jafnframt fengið nýjan aðila til að sjá um tjaldsvæðið.









**UMFÍ** leggur áherslu á að kynna mikilvægi starfseminnar og að nýta fjölbreyttar og nútímalegar aðferðir til að auka sýnileika hreyfingarinnar og að ná til allra aldurshópa.

# NÚTÍMALEG OG LEIÐANDI

### ÚTGÁFA
Sú breyting varð á við prentun UMFÍ árið 2019 að viðskiptum var hætt við Ísafoldarprentsmiðju og gengið til samninga við Odda.

Oddi sýnir samfélagsábyrgð í verki. Fyrirtækið státar af alþjóðlegum umhverfis- og gæðavottunum. Öll efni og vinna Odda er vottuð umhverfismerkinu Svaninum. Auk þess er allur pappír Odda með FSC vottun. Það þýðir að allur viður sem varan er unnin úr er úr skógum sem stjórnað er með sjálfbærum hætti. Mögulegt er því að fá upprunavottorð pappírsins.

### DREIFING
Dreifing á Skinfaxa og Göngubók UMFÍ hefur undanfarið verið seinvirk og flókin. Gerð var tilraun til að fá fyrirtækið Blaðadreifingu til að dreifa Göngubók UMFÍ um land allt sumarið 2019. Það gekk mjög vel og einfaldaði til muna alla vinnu við dreifingu. Skoðað verður að koma öllum prentverkum í dreifingu með þessum hætti í framtíðinni.

### SKINFAXI
Fjögur tölublöð komu út af Skinfaxa, tímariti UMFÍ, árið 2018. Gert er ráð fyrir að þrjú tölublöð komi út árið 2019. Færri tölublöð skýrast af breyttu fyrirkomulagi tengdum útgáfu sérblaða tengd mótum UMFÍ og útgáfu Göngubókar.

### GÖNGUBÓKIN
Göngubók UMFÍ kom út sumarið 2019 eftir hlé árið 2018. Göngubókin árið 2019 var unnin í samvinnu við göngugarpinn Einar Skúlason, stofnanda fyrirtæksins Wappið sem á og starfrækir samnefnt smáforrit. Einar er jafnframt leiðsögumaður og stofnandi gönguhópsins Vesen og vergangur. Bókinni var dreift um allt land, í sundlaugar, á ferðamannastaði og víðar.

### FRÉTTABRÉF
Fréttabréf og rafræn boðskipti hafa fengið aukið vægi hjá UMFÍ. Leitast hefur verið eftir því að senda út fréttabréf til aðildarfélaga og hagsmunaaðila reglulega á tveggja vikna fresti. Í fréttabréfinu er fjallað um nýjar fréttir af UMFÍ, það sem er nýliðið og væntanlegt.

Fréttabréf og rafræn skilaboð hafa verið send þátttakendum í aðdraganda árlegra viðburða UMFÍ á borð við Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót UMFÍ. Þar er sagt frá viðburðunum sem framundan eru. Á meðan viðburðum stendur hafa þátttakendur fengið fréttabréf sent í tölvupósti um viðburði dagsins og það sem framundan er næsta dag ásamt nauðsynlegum skilaboðum sem þarf að koma til þátttakenda.

### SÉRBLÖÐ UM MÓTIN
Tvö sérblöð voru gefin út í tengslum við viðburði UMFÍ. Eitt blað kom út í aðdraganda Landsmóts UMFÍ 50+ og annað fyrir Unglingalandsmót UMFÍ. Sérblöð hafa marga kosti. Í þeim einangrast umfjöllunin við tiltekinn viðburð. Þar er hægt að segja frá viðburðinum í ítarlegu máli og birta viðtöl við fólk um hann. Öðru fremur gagnast sérblöðin sem boðleiðir fyrir auglýsingar sérstaklega tengdar viðburðinum og er styrktaraðilum gert hærra undir höfði

### SALA AUGLÝSINGA
Samið var við fyrirtækið Styrksöfnun um söfnun auglýsinga fyrir UMFÍ, bæði í Skinfaxa, Göngubók og önnur verkefni.





**UMFÍ** er framsækin hreyfing, sýnir frumkvæði
og vinnur að markmiðum sínum á faglegan hátt.



# ÞJÓNUSTA VIÐ SAMBANDSAÐILA

Sambandsaðilar UMFÍ og aðildarfélög þeirra geta nálgast ýmsar upplýsingar um ýmsa þjónustu hjá UMFÍ. Þar á meðal samninga um hagkvæm kjör á prentþjónustu, gistingu á hótelum og leigu á bílaleigubílum. Þjónustumiðstöð UMFÍ veitir frekari upplýsingar.

## SKRÁNINGAKERFIÐ NÓRI

Árið 2017 innsigluðu UMFÍ og Greiðslumiðlun samning til fimm ára um notkunarrétt á skráningarkerfinu Nóra. Notkunarrétturinn nær til móta UMFÍ og hafa sambandsaðilar UMFÍ leyfi til að nota skráningarkerfið sér að kostnaðarlausu. UMFÍ hefur notað kerfið við skráningu á Landsmóti UMFÍ 50+ og Unglingalandsmóti UMFÍ.

Með Nóra geta notendur notað greiningartól og skoðað eitt og annað, svo sem kynja- og aldursskiptingu þeirra sem hafa skráð sig inn í kerfið, hvað viðkomandi hefur skráð sig í og fleira. UMFÍ hefur nýtt sér kerfið með góðum árangri. Margir sambandsaðilar UMFÍ og aðildarfélög þeirra hafa jafnframt innleitt kerfið hjá sér.

## COREDATA

UMFÍ og AZAZO gerðu með sér samning um notkun á hugbúnaðinum CoreData árið 2017. Hugbúnaðurinn heldur utan um öll gögn hreyfingarinnar og auðveldar verkefnastýringu og fundahöld. Samningurinn var gerður í framhaldi af stefnumótunarvinnu UMFÍ. Æ fleiri sambandsaðilar UMFÍ hafa innleitt kerfið í rekstri sínum. Með kerfinu geta UMFÍ og sambandsaðilar haft betri stjórn á öllum gögnum hreyfingarinnar, haft skýrari verkferla, fundahöld verða markvissari og þekkingaryfirfærsla er tryggð. Utanumhald móta og viðburða á vegum hreyfingarinnar verður einnig auðveldara og gagnsærra.

## FELIX

Felix er miðlægt félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ sem heldur utan um skráningar á iðkendum og félagsmönnum í íþrótta- og ungmennafélagshreyfingunni á Íslandi. Kerfið var fyrst tekið í notkun árið 2004. Endurbætt kerfi var svo tekið í notkun snemma árs 2017.

Með endurbótunum var tekin í notkun sjálfvirk tenging við skráningar- og greiðslukerfið Nóra þannig að allar skráningar á námskeið, sem gerðar eru í Nóra, eru keyrðar sjálfvirkt yfir í Felix. Félög geta nú haldið utan um námskeið og greiðslu félagsgjalda og einnig er hægt að setja inn banka- og kreditkortastillingar svo að hægt er að greiða með kortum.

Úr Felix er árlega unnin mikilvæg tölfræði, upp úr starfsskýrsluskilum íþróttahreyfingarinnar og um samsetningu hreyfingarinnar. Hægt er að greina tölfræðina niður á hverja einingu fyrir sig og geta félög og sambönd innan vébanda UMFÍ og ÍSÍ kallað fram upplýsingar um starfssvæði sitt allt aftur til ársins 2004. Verkefnastjóri Felix er Elías Atlason.

## SAKAVOTTORÐ

Sambandsaðilar UMFÍ og aðildarfélög þeirra geta haft samband við þjónustumiðstöð UMFÍ og leitað eftir aðgangi að sakavottorðum þeirra sem sækja um störf hjá viðkomandi félagi. Samkvæmt Æskulýðslögum er óheimilt að ráða einstaklinga til starfa með börnum og ungmennum sem hafa hlotið refsidóma vegna ofbeldisbrota, ávana- og fíkniefnabrota eða kynferðisbrota. Heimildin gefur rétt til að sækja gögn vegna ofbeldisbrota 3 - 5 ár aftur í tímann. Engin tímamörk eru hins vegar vegna kynferðisbrota. Eyðublað fyrir aðildarfélög er að finna á heimasíðu UMFÍ.

## SAMSKIPTARÁÐGJAFI ÍÞRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSSTARFS

Íþróttakonur stigu fram í janúar 2018 og greindu frá kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþrótta- og æskulýðsstarfi. Ungmennafélagshreyfingin brást hratt við. HSK, Fjölnir og fleiri sambandsaðilar UMFÍ sendu frá sér ályktanir þar sem ofbeldið var fordæmt. Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, greip boltann á lofti og skipaði í mars starfshóp sem ætlað var að leggja til aðgerðir gegn slíkri hegðun. Í starfshópnum átti sæti Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, ásamt fulltrúum frá ÍSÍ og fleirum. Starfshópurinn lagði til að stofnað yrði embætti samskiptaráðgjafa og var frumvarp þessa efnis lagt fram strax í október 2018. Lögin voru samþykkt á vorþingi 2019 og er ánægjulegt að sjá hversu fljótt þetta mál fór í gegnum alla stjórnsýsluna.







Markmið **UMFÍ** er að auka samstarf við aðila hérlendis og erlendis með aukna sérhæfingu og verkaskiptingu að leiðarljósi.

# FERÐ TIL DANMERKUR Í MAÍ

### FERÐ TIL DANMERKUR Í MAÍ

Tæplega sextíu fulltrúar sambandsaðila UMFÍ og aðildarfélaga þeirra, sem og fulltrúar frá ÍSÍ og ÍBR fóru til Kaupmannahafnar dagana 24. - 27. maí 2019. Ferðin var í samræmi við stefnu UMFÍ sem kveður á um að efla samstarf á milli félaga og hefur það sýnt sig í verki. Í ferðinni var fundað með forsvarsfólki DGI, Danmarks Gymnastik- og Idrætsforeninger, sem eru systursamtök UMFÍ í Danmörku.

Hópurinn sat m.a. fyrirlestur Ola Mattsson um nýbreytni í gerð íþróttamannvirkja, sem svarar kalli iðkenda um breyttar þarfir. Þar sé gert ráð fyrir minni íþróttavöllum í stað stórra knattspyrnusvæða, battavöllum, klifursvæðum, hjólabrautum og hjólabrettavöllum. Þá fékk hópurinn kynningu á starfi DGI, Hreyfivikunni og fleiri verkefnum ISCA sem miða að því að fá fleiri til að hreyfa sig, fyrirlestur um innleiðingu rafíþrótta hjá dönskum íþróttafélögum og fræðslu um ýmis verkefni með ungu fólki sem miða að því að ná til þeirra sem standa utan skipulags íþrótta- og æskulýðsstarfs og ýmislegt fleira.

### KVÓT

„Mér fannst þetta alveg æðisleg ferð. Þarna tengdist ég öðrum í ungmennafélagshreyfingunni miklu betur en áður og fékk margar góðar hugmyndir sem við getum útfært fyrir okkar samband. Þetta er ómetanlegt. Ferð sem þessi tengir fólk innan ungmennafélagshreyfingarinnar - og utan hennar - betur en áður og mun vafalítið leiða til þess að bæta starf félaganna," segir Jóhanna Íris Ingólfsdóttir, formaður Ungmennasambandsins Úlfljótur (USÚ) á Höfn í Hornafirði.

### DÆMI UM ATRIÐI SEM ÞÁTTTAKENDUR TELJA AÐ FERÐIN HAFI SKILAÐ

- Horfa út fyrir kassann hvað varðar nýtingu mannvirkja.
- Markvissari vinnu við að auka breiddina í félaginu.
- Að sjá önnur sjónarmið, um hvernig er hægt að takast á við vandamál sem mitt félag stendur fyrir.
- Breytingar eru óumflýjanlegar.
- Aukin samvinna er málið!
- Betri þekkingu varðandi stofnun og rekstur á rafíþróttum.
- Betri tengingu milli aðila sem eru að vinna að sama markmiði.
- Breyttum skipulags aðferðum, jákvæðari hugsun.
- Fleiri hugmyndum með að nálgast almenning í hreyfingu - fara aðrar leiðir.
- Stærra tengslanet og verkfæri til að gera betur.

95% þátttakenda sögðust hafa lært eitthvað nýtt í ferðinni.
96% þátttakenda voru á því að UMFÍ eigi að halda áfram að skipuleggja ferðir með sambandsaðilum sínum.

### UMSAGNIR TIL ALÞINGIS

UMFÍ sendir inn umsagnir til nefnda Alþingis um fjölmörg mál á mismunandi stigum.
2018 - 31. október til velferðarnefndar Alþingis: Umsögn UMFÍ um aðgerðaráætlun fyrir árin 2019-2022 til að styrkja stöðu barna og ungmenna.
2018 - 5. nóvember til mennta- og menningarmálaráðherra: Umsögn um drög að stefnu í íþróttamálum.
2018 - 29. nóvember til Allsherjar- og menntanefndar Alþingis: Umsögn um þingsályktunartillögu um stofnun lýðháskóla UMFÍ á Laugarvatni.
2019 - 11. janúar til Allsherjar- og menntanefndar Alþingis: Umsögn um tillögu til þingsályktunar fyrir árin 2019-2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingar þess.
2019 - 14. janúar til Allsherjar- og menntanefndar Alþingis: Umsögn UMFÍ um frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs.
2019 - 20. febrúar til Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis: Umsögn UMFÍ um frumvarp til laga um endurgreiðslur til félagasamtaka til almannaheilla vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda.
2019 - 5. mars til Mennta- og menningarmálaráðuneytis: Umsögn UMFÍ um frumvarp til laga um lýðskóla.
2019 - 21. mars til Mennta- og menningarmálaráðuneytis: Umsögn UMFÍ um frumvarp til laga um lýðskóla.
2019 - 3. maí til Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis: Umsögn UMFÍ um frumvarp til laga um lýðskóla.




Markmið **UMFÍ** er að sýna fram
á góða og trausta stjórnarhætti.

# TRAUSTIR STJÓRNARHÆTTIR

### 42. SAMBANDSRÁÐSFUNDUR UMFÍ

Sambandsráðsfundur UMFÍ var haldinn á Ísafirði 20. október 2018. Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann sagði það tilfinningu sína að samtökin hafi eflst og styrkst á því ári sem liðið var frá sambandsþingi UMFÍ í Hallormsstað. Þá sagði hann áhugavert hve stór hluti iðkenda sambandsaðila sé afreksfólk, taldi hlutfall þeirra um 20% á móti 80% iðkenda sem ekki flokkist til afreksfólks. Mat hans var að ná þurfi betur til fjöldans, þ.e. þeirra sem ekki hafi tekið þátt í einhvers konar hreyfingu, og virkja hann. Það sé til góðs fyrir einstaklingana, félögin og samfélagið. Þarna sé óunnið verk í samfélaginu og megi ætla að árangurinn geti skilað sér í því að fleiri taki þátt í störfum hreyfingarinnar.

Haukur fór jafnframt yfir verkefnin á árinu en lagði áherslu á mál sem hann taldi áhyggjuefni, þ.e. að þyngra virðist að fá styrktaraðila að verkefnum UMFÍ. Allar ákvarðanir um peningalega styrki sem einhverju nemi virðist þurfa að koma frá höfuðstöðvum fyrirtækja sem oftast eru á höfuðborgarsvæðinu.

Haukur kom líka inn á málefni #MeToo-hreyfingarinnar sem hafði farið af stað af krafti í byrjun árs. Hann sagði ungmennafélagshreyfinguna láta málið sig miklu varða og vanda allt starf sem snúi að því. UMFÍ hafi ætíð hvatt til að þau mál sem upp komi verði færð til utanaðkomandi fagaðila í stað þess að reyna að vinna þau innan nærsamfélags brotanna. Benti Haukur á Æskulýðsvettvanginn, samstarfsvettvangs UMFÍ, Skátanna, Landsbjargar og KFUM og KFUK. Þar hafi verið settar upp viðbragðsáætlanir sem tengist einelti, kynferðislegu ofbeldi og slíkum málum og meðhöndluð eru af ráðgjafahópi um einelti annars vegar og fagráði um kynferðisbrotamál hins vegar. Hvatti hann fundargesti til að taka mál af þessu tagi föstum tökum og láta engin þeirra ótalin.

### NOKKRAR SAMÞYKKTAR TILLÖGUR FUNDARINS:

- Sambandsaðilar hvattir til að taka höndum saman og standa með tilheyrandi aðilum gegn notkun tóbaks og nikótíns s.s. reyktóbaks, munntóbaks, neftóbaks, rafrettum og öðrum birtingamyndum ávana- og fíkniefna.
- Stjórn UMFÍ veitt heimild til þess að kanna möguleika á því að selja húsnæði UMFÍ að Sigtúni 42, fáist viðunandi verð fyrir eignina. Jafnframt yrði gengið frá kaupum eða leigu á nýjum höfuðstöðvum sem mæta þörfum starfseminnar.

### STJÓRNARFUNDIR

Alls var haldinn 21 stjórnarfundur hjá UMFÍ á starfstíma stjórnarinnar. Fundirnir voru haldnir víða um land.

### FRAMKVÆMDASTJÓRNAFUNDIR

Alls voru haldnir 17 framkvæmdastjórnarfundir á starfstímabili stjórnar. Flestir fundir voru haldnir í þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík en einnig var notast við fjarfundarbúnað.

### FRAMKVÆMDASTJÓRAHITTINGUR SAMBANDSAÐILA UMFÍ

Síðastliðin ár hefur UMFÍ boðið framkvæmdastjórum og/eða starfsfólki sambandsaðila UMFÍ og aðildarfélaga þeirra í óformlegan hitting í þjónustumiðstöð UMFÍ. Síðasti hittingur fór fram í janúar 2019. Í hittingnum var rætt um væntingar framkvæmdastjóra félaga, hvaða vandamál þeir standa frammi fyrir, hvaða lausnir eru í sjónmáli og ýmislegt fleira. Tilgangur fundarins er öðru fremur að framkvæmdastjórar hittist og ræði málin saman.






**UMFÍ** vill skapa reglulegan samráðsvettvang
til skoðanaskipta innan hreyfingarinnar.

# NEFNDIR UMFÍ 2017 - 2019

**FJÁRHAGS – OG FASTEIGNANEFND**
Guðmundur Sigurbergsson
Guðmundur L. Gunnarsson
Guðríður Aadnegard
Lárus B. Lárusson, varamaður
**Starfsmaður nefndar:** Helgi Gunnarsson

**FRÆÐSLUNEFND**
Valdimar Gunnarsson
Helga Guðrún Guðjónsdóttir
Hanna Björk Halldórsdóttir
Benedikt Jónsson
Sveinn Ægir Birgisson
**Starfsmaður nefndar:** Sabína S. Halldórsdóttir

**FRÆÐSLU- OG VERKEFNASJÓÐUR**
Hrönn Jónsdóttir
Örn Guðnason
Sigurður Óskar Jónsson
Helga Jóhannesdóttir, varamaður
**Starfsmaður nefndar:** Guðbirna K. Þórðardóttir

**LAGANEFND**
Ragnheiður Högnadóttir
Valdimar Leó Friðriksson
Hjalti Árnason
**Starfsmaður nefndar:** Helgi Gunnarsson

**LANDSMÓTSNEFND 2018**
Haukur Valtýsson, formaður
Örn Guðnason
Arnrún Halla Arnórsdóttir
Sigríður Svavarsdóttir
Þorvaldur Gröndal
Ómar Bragi Stefánsson
Auður Inga Þorsteinsdóttir
Klara Helgadóttir

**LÝÐHEILSUNEFND**
Gunnar Þór Gestsson
Unnur Jónsdóttir
Anna Dís Þórarinsdóttir
Helga Jóhannesdóttir
**Starfsmaður nefndar:** Ragnheiður Sigurðardóttir

**STÝRIHÓPUR FÉLAGAKERFIS**
**ÍÞRÓTTAHREYFINGARINNAR (FELIX)**
Gunnar Gunnarsson
Gunnar Þór Gestsson

**NEFND UM STARF ELDRI UNGMENNAFÉLAGA**
Ragnheiður Högnadóttir
Sigríður Bjarnadóttir
Málfríður Sigurhansdóttir
Sigurður Eiríksson
Eygló Alexandersdóttir
Hjörtur Þórarinsson
**Starfsmaður nefndar:** Ragnheiður Sigurðardóttir

**UMHVERFISNEFND**
Sigurður Óskar Jónsson
Engilbert Olgeirsson
Snorri Þorsteinsson
Rebekka Karlsdóttir
**Starfsmaður nefndar:** Ómar Bragi Stefánsson

**UMHVERFISSJÓÐUR PÁLMA GÍSLASONAR**
Haukur Valtýsson
Stella Guðmundasdóttir
Óskar Magnússon
Guðný Stefanía Stefánsdóttir
Sigurður Óskar Jónsson
**Starfsmaður nefndar:** Guðbirna K. Þórðardóttir

**UNGLINGALANDSMÓTSNEFND 2019**
Matthildur Ásmundardóttir, formaður nefndar
Ragnhildur Jónsdóttir
Sigurður Óskar Jónsson
Jóhanna Íris Ingólfsdóttir
Lárus Páll Pálsson
Gunnhildur Gísladóttir
Jens Olsen
Gunnar Ingi Valgeirsson
Hafdís Hauksdóttir
Jónína K. Ágústdóttir
Jóhanna Björg Jóhannsdóttir
Kristín Ármannsdóttir
Ragnheiður Högnadóttir
Kristján Örn Ebenezerson
Ásgrímur Ingólfsson
Íris Heiður Jóhannsdóttir
**Starfsmaður nefndar:** Ómar Bragi Stefánsson

**UNGMENNABÚÐANEFND**
Jóhann Steinar Ingimundarson
Ragnheiður Högnadóttir
Guðmundur Sigurbergsson
**Starfsmaður nefndar:** Auður Inga Þorsteinsdóttir

**LANDSMÓTSNEFND UMFÍ 50+ 2019**
Karl Óttar Pétursson, formaður nefndar
Gunnar Gunnarsson
Eysteinn Þór Kristinsson
Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir
Þorsteinn Ágústsson
Geir Sigurpáll Hlöðversson
Karl Rúnar Róbertsson
Þorvarður Sigurbjörnsson
Svanlaug Aðalsteinsdóttir
Sigurveig Róbertsdóttir
Haukur Valtýsson
**Starfsmaður nefndar:** Ómar Bragi Stefánsson.

**UNGMENNARÁÐ**
Ástþór Jón Tryggvason
Eiður Andri Guðlaugsson
Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir
Eygló Hrund Guðmundsdóttir
Guðrún Karen Valdimarsdóttir
Haukur Orri Kristjánsson
Kolbrún Lára Kjartansdóttir
Rebekka Karlsdóttir
Sveinn Birgisson
Thelma Rut Jóhannsdóttir
**Starfsmaður nefndar:** Sabína S.Halldórsdóttir

**ÚTGÁFU- OG MENNINGARNEFND**
Gunnar Gunnarsson
Örn Guðnason, stjórn
Guðmunda Ólafsdóttir
Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir
Eiður Andri Guðlaugsson
**Starfsmaður nefndar:** Jón A. Bergsveinsson

**VINNUHÓPUR UM AÐILD ÍÞRÓTTABANDALAGA AÐ UMFÍ**
Guðmundur Sigurbergsson
Guðný Stefanía Stefánsdóttir
Jón Karl Ólafsson
Sigurbjörn Arngrímsson
Þórir Haraldsson
**Starfsmaður nefndar:** Auður Inga Þorsteinsdóttir

**VINNUHÓPUR UM FRAMTÍÐARVERKEFNI**
Jóhann Steinar Ingimundarson
Gunnar Gunnarsson
Örn Guðnason
**Starfsmaður nefndar:** Auður Inga Þorsteinsdóttir

**VINNUHÓPUR UM HEIÐRANIR**
Örn Guðnason
Lárus B. Lárusson
Guðríður Aadnegard
**Starfsmaður nefndar:** Jón A. Bergsveinsson

**ÞRASTASKÓGARNEFND**
Hrönn Jónsdóttir
Helgi S. Haraldsson
Svanur M. Gestsson
**Starfsmaður nefndar:** Auður Inga Þorsteinsdóttir










**UMFÍ** leggur áherslu á að kynna mikilvægi starfseminnar og að nýta fjölbreyttar og nútímalegar aðferðir til að auka sýnileika hreyfingarinnar og að ná til allra aldurshópa.

# ÖFLUGUR SAMSTARFSAÐILI

## ÆSKULÝÐSVETTVANGURINN

Æskulýðsvettvangurinn (ÆV) er samstarfsvettvangur UMFÍ, Bandalags íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélagsins Landsbjargar. ÆV var stofnaður árið 2007 en formleg stofnun var sumarið 2012.

Æskulýðsvettvangurinn vinnur að sameiginlegum hagsmunamálum barna og ungmenna í íþrótta- og æskulýðsstarfi. Allt frá stofnun hefur ÆV sinnt þessu hlutverki sínu með því að þjónusta þau félagasamtök sem saman mynda vettvanginn og aðildarfélög þeirra með fræðslu og forvörnum fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða um kynferðisbrot, einelti og aðra óæskilega hegðun. Markmiðið er að auka þekkingu starfsfólks og sjálfboðaliða í íþrótta- og æskulýðsstarfi um birtingamyndir slíkra þátta, hvernig bregðast eigi við þegar slík mál koma upp og hvernig koma megi í veg fyrir að það gerist.

Þetta gerir ÆV m.a. með því að bjóða starfsfólki og sjálfboðaliðum upp á námskeið er snýr að einelti í íþrótta- og æskulýðsstarfi og námskeið sem fjallar um hvernig bregðast eigi við grun um ofbeldi og vanrækslu gegn börnum og ungmennum. Hátt í 3.500 manns hafa setið slík námskeið á vegum ÆV frá árinu 2010. Árið 2017 sátu fleiri en 400 manns slík námskeið og árið 2018 var talan um 500 manns. Það sem af er 2019 hafa 350 setið námskeiðin.

Auk þessa gefur ÆV út fræðsluefni sem varðar þessi mál og hefur m.a. að geyma upplýsingar fyrir þolendur um hvert þeir geti leitað eftir aðstoð hafi þeir orðið fyrir kynferðisbroti, einelti eða annarri óæskilegri hegðun í starfi.

Síðasta árið hefur verið mikil aukning á starfi fagráðs Æskulýðsvettvangsins sem tekur á móti öllum tilkynningum um einelti, kynferðisbrot eða aðra óæskilega hegðun innan þeirra samtaka sem saman mynda Æskulýðsvettvanginn og aðildarfélaga þeirra. Fagráðinu hafa borist margar tilkynningar frá íþrótta- og æskulýðsfélögum um land allt og hefur aðstoðað þau með úrlausn þeirra mála sem upp hafa komið.

Í byrjun árs 2018 gaf ÆV út viðbragðsáætlun þar sem finna má verkferla sem fylgja skal þegar upp koma atvik eða áföll sem kunna að hafa áhrif á starf félagsins. Kynferðisbrot, einelti og önnur óæskileg hegðun eru á meðal þeirra. Áætlunin nær til allra iðkenda í íþrótta- og æskulýðsstarfi, stjórnenda, yfirmanna, starfsmanna, sjálfboðaliða og annarra ábyrgðaraðila innan íþrótta- og æskulýðsfélaga.
Æskulýðsvettvangurinn ásamt hópi fagaðila í barnaverndarmálum hefur búið til netnámskeið fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða í íþrótta- og æskulýðsstarfi. Markmiðið með námskeiðinu er að auka þekkingu starfsfólks og sjálfboðaliða um land allt á einelti, ofbeldi og áreitni sem börn og ungmenni geta orðið fyrir og afleiðingunum af því. Tilgangurinn er að reyna að koma í veg fyrir að slíkt komi upp í íþrótta- og æskulýðsstarfi og gera börnum og ungmennum auðveldara með að fá úrlausn slíkra mála þegar þau koma upp. Hægt að taka námskeiðið á http://namskeid.aev.is

Gildi Æskulýðsvettvangsins eru vellíðan, velferð og öryggi.



## HVERNIG HEFUR ÆV NÝST SAMBANDSAÐILUM UMFÍ?

"Það er mjög mikilvægt fyrir félag eins og mitt, sem hefur mikinn fjölda iðkenda, þjálfara, starfsmanna, sjálfboðaliða og félagsmanna innan sinna raða, að geta leitað til aðila eins og Æskulýðsvettvangsins þegar upp koma erfið mál sem erfitt er að leysa, m.a. vegna tengingar á milli aðila o.s.frv."
- Framkvæmdastjóri sambandsaðila UMFÍ.

"Æskulýðsvettvangurinn aðstoðaði við úrlausn samskiptavanda sem kom upp á milli iðkenda. ÆV kom með margar þarfar og góðar ábendingar um hvernig íþróttafélagið gæti bætt eigið starf og unnið að því að leysa samskiptavandann og notið aðstoðar vettvangsins í leiðinni. ÆV gætti hlutleysis í málinu, veitti mikinn og þarfan stuðning og brást fljótlega við þegar erfiðleikar komu upp. Fagleg og leiðbeinandi aðstoð við úrlausn vanda í samskiptum iðkenda og þeirra sem komu að iðkendunum".
- Sambandsaðili UMFÍ.





**UMFÍ** er sterkur samstarfsaðili sem
mætir þörfum sambandsaðila og bætir samfélagið.

# ÖFLUGUR SAMSTARFSAÐILI

## SÝNUM KARAKTER

UMFÍ og ÍSÍ standa saman að verkefninu Sýnum karakter. Verkefnið er átaksverkefni um þjálfun sálrænnar og félagslegrar færni barna og ungmenna í íþróttum. Hugmyndafræði verkefnisins byggir á að hægt sé að þjálfa og styrkja sálræna og félagslega færni iðkenda eins og líkamlega færni. Verkefnið hóf göngu sína haustið 2016.

Á árinu fóru fram ýmsir kynningafundir með þjálfurum og forsvarsmönnum íþróttafélaga. Í nóvember 2018 fór fram ráðstefna undir nafni verkefnisins. Yfirskrift ráðstefnunnar var Jákvæð íþróttamenning. Aðalfyrirlesari var íþróttasálfræðingurinn dr. Chris Harwood frá Loughborough háskólanum í Bretlandi. Fjallaði hann um hugmyndafræðina The 5C's. Aðrir fyrirlesarar voru dr. Viðar Halldórsson, Markús Máni Michaelsson Maute, Ása Inga Þorsteinsdóttir, Charlotte Ovefeldt, Karl Ágúst Hannibalsson og Jóhannes Guðlaugsson.

Dagana 3. og 4. október 2019 fór fram vinnusmiðja fyrir þá sem sjá um fræðslu- og/eða mótamót í íþrótta- og ungmennafélagshreyfingunni. Vinnustofunni var stýrt af André Lachance frá Sport for Life Canada. Yfirheiti stofunnar var Meaningful Competition eða Keppni með tilgang.

Laugardaginn 5. október fór síðan fjórða Sýnum karakter ráðstefnan fram í Háskólanum í Reykjavík. Yfirheiti ráðstefnunnar var Hvernig getur keppnisfyrirkomulag mótað eða eyðilagt karakter? Fjölmargir áhugaverðir fyrirlestrar fóru fram sem tengdust breyttu keppnisfyrirkomulagi og því hvernig hægt er að virkja og byggja karakter hjá börnum og ungmennum. Báðir viðburðirnir voru vel sóttir.

Upptökur af fyrirlestrum er að finna á heimasíðunni www.synumkarakter.is

## VERTU MEÐ

Vertu með - aukin þátttaka barna og ungmenna af erlendum uppruna er samstarfsverkefni UMFÍ og ÍSÍ. Eins og nafnið gefur til kynna er markmið verkefnisins og auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi. Á haustmánuðum 2018 kom út bæklingur með ýmsum hagnýtum upplýsingum um íþróttastarf eins og t.d. æfingagjöld íþróttafélaga, frístundastyrki, mikilvægi þátttöku foreldra og kosti þess að hreyfa sig reglulega. Markhópur efnisins eru foreldrar barna og ungmenna af erlendum uppruna. Bæklingurinn kom út á sex tungumálum þ.e. á íslensku, ensku, pólsku, tælensku, litháísku og filippseysku.

Á haustmánuðum hlutu fimm félög/íþróttahéruð styrk til þess að vinna að aukinni þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í sinni heimabyggð. Í maí 2019 fór fram kynningarfundur þar sem tvö félög sögðu frá því sem þau gerðu. Að auki hélt Margrét Lilja Guðmundsdóttir, frá Rannsóknum og greiningu og íþróttafræðideild HR, erindi um hversu mörg börn af erlendum uppruna taka þátt í skipulögðu íþróttastarfi. Juan Camilo, ráðgefandi í æskulýðs og fjölmenningarfærni hjá Unglingasmiðju Reykjavíkurborgar hélt erindi um hvernig Íslendingar komi fram við fólk af erlendum uppruna. Vel var mætt á viðburðinn og var ánægja með hann meðal þátttakenda.

## BETRA FÉLAG

UMFÍ og ÍSÍ vinna í sameiningu að nýrri heimasíðu sem miðar að því að safna upplýsingum sem nýtist starfsfólki og stjórnendum íþróttafélaga í daglegu starfi. Stefnt er að opnun síðunnar árið 2020.

## ALMANNAHEILL

UMFÍ er aðili að Almannaheillum, samtökum þriðja geirans, og situr Ragnheiður Sigurðardóttir, landsfulltrúi UMFÍ, í stjórn samtakanna. Almannaheill vinna að sameiginlegum hagsmunamálum fyrir almannaheilla samtök og sjálfeignastofnanir sem starfa í almannaþágu, vinna að sem hagfelldustu strarfsumhverfi fyrir þessa aðila, styrkja ímynd þeirra, efla stöðu þeirra í samfélaginu og koma fram fyrir hönd þriðja geirans gagnvart opinberum aðilum og fjölmiðlum. Þá vinna samtökin að því að heildarlöggjöf veðri sett um starfsemi frjálsra félagasamtaka, að skattaleg staða þeirra verði bætt og sýnileiki þriðja geirans í þjóðfélaginu verði aukin. Nánari upplýsingar um samtökin má finna á síðunni almannaheill.is

Í október 2018 bauð UMFÍ aðildarfélögum Almannaheilla í hádegisheimsókn. Fengu gestir kynningu á starfsemi UMFÍ frá Auði Ingu Þorsteinsdóttur, framkvæmdastjóra UMFÍ.

## OPNI HÁSKÓLINN

UMFÍ er einn af samstarfsaðilum Opna háskólans í Háskóla Reykjavíkur um nám fyrir stjórnendur félagasamtaka og sjálfseignastofnana. Námið byggist að miklu leyti á hagnýtum verkefnum sem tengjast störfum innan þriðja geirans hér á landi og erlendis. Einnig er áhersla lögð á persónulega þróun þátttakenda. Fimm námslotur fara fram sem skiptast í stefnumótun, vinnu með sjálfboðaliðum, stjórnun fjármála, samningatækni og fleira. Markmið námsins er að þátttakendur öðlist hagnýta þjálfun í stjórnun sem eykur fagmennsku félaga og trúverðugleika. Sambandsaðilar UMFÍ hljóta 10% afslátt af námslínunni.

## RÁÐSTEFNA UM ÍÞRÓTTIR OG OFBELDI

Ráðstefna um íþróttir og ofbeldi var haldin í Háskólanum í Reykjavík 30. janúar 2019. Á ráðstefnunni deildu þekktir íslenskir og erlendir fyrirlesarar reynslu sinni, fræðum og frásögum. Að ráðstefnunni stóðu UMFÍ, Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavíkurborg, Íþróttabandalag Reykjavíkur, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Háskólinn í Reykjavík og Reykjavík International Games. Allt efni ráðstefnunnar er að finna á síðunni rig.is.

## SAFF

UMFÍ er einn aðili að SAFF, Samstarfsráði félagasamtaka í forvörnum. Samtökin standa m.a. fyrir átaksverkefninu Vika 43. á hverju ári. Málfríður Sigurhansdóttir, Fjölni, situr í stjórn ráðsins.



Markmið **UMFÍ** er að auðvelda aðgengi og auka framboð á fræðslu, óformlegu námi og félagsstafi með þarfir einstaklinga í huga.

# ERLEND SAMSKIPTI

## LÝÐHÁSKÓLAR

UMFÍ hefur undanfarin ár styrkt ungt fólk sem hyggur á nám við lýðháskóla í Danmörku. Markmið með styrkveitingunni er að gefa ungu fólki tækifæri til þess að víkka sjóndeildarhring sinn. Það fái tækifæri til að kynnast nýju tungumáli og menningu og til að auka færni sína og þekkingu á völdu sviði í gegnum óformlegt nám og styrkja leiðtogahæfileika sína.

Skólaárið 2018 - 2019 veitti UMFÍ rúmum 2 milljónum króna í styrki til um 50 ungmenna vegna náms í lýðháskólum í Danmörku. Fyrir haustönn 2019 hafa alls um 22 ungmenni sótt um styrk.

## DGI

Danmarks Gymnastik og Idrætsforeninger (DGI) eru systursamtök UMFÍ í Danmörku. Mikil samvinna er á milli samtakanna og koma margar fyrirmyndir að verkefnum UMFÍ frá DGI. Í gegnum tíðina hefur töluverður samgangur og samskipti verið á milli DGI og UMFÍ og hópar hafa farið landa á milli til að kynna sér starfsemi og rekstur í löndunum tveimur. Nýjasta tilfellið er ferð ungmennafélagshreyfingarinnar í maí 2019 til Danmerkur.

## ISCA

UMFÍ er aðili að International Sport and Culture Association (ISCA) sem eru samtök um almenningsíþróttir og menningu hinna ýmsu landa í heiminum. UMFÍ tekur þátt í verkefnum með ISCA á hverju ári. Helsta verkefnið í gegnum árin hefur verið Move Week eða Hreyfivika UMFÍ. Árið 2018 var UMFÍ jafnframt aðili að verkefni sem hefur það markmið að auðvelda flóttafólki að aðlagast nýju samfélagi með þátttöku í íþróttum. Bæklingurinn Vertu með er einn angi af því verkefni. Árið 2019 var opnuð heimasíða með alls kyns upplýsingum og verkfærum tengd verkefninu. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni irts.isca.org

## NSU

Nordisk samorganisation for ungdomsarbejde (NSU) eru samtök ungmennafélaga á Norðurlöndum. Á þeim vettvangi eru unnin mörg sameiginleg verkefni sem tengja Norðurlöndin saman. Þar má nefna ungmennaskipti, ungmennavikur, markmiðsráðstefnur og ungbændaráðstefnur. Kolbrún Lára Kjartansdóttir, formaður ungmennaráðs UMFÍ, er varamaður í stjórn NSU. Nánar um samtökin er að finna á síðunni nsunet.org.

## HVAÐ LÆRIR MAÐUR Í LÝÐHÁSKÓLA?

*„Til að byrja með sótti ég um í skólann því ég vildi fá mér smá pásu úr skóla og vinnu, einnig af því ég var ekki viss hvað ég vildi fara læra. Á þessum 5 mánuðum í skólanum hef ég lært það að maður þarf ekkert að vera flýta sér að ákveða hvað maður vill raunverulega læra eða gera í framtíðinni, og ekki fara í Háskóla bara til þess að fara í Háskóla. Bara að ná sér aðeins niður á jörðina og anda með nefinu, maður finnur þetta á endanum“.*

*Ágúst Máni Aðalsteinsson,*
*Aarhus Idrætshøjskole.*

*“Ég tel mig hafa lært helling á þessu námi og einnig bara þroskast sem einstaklingur. Ég hef náð að læra allskonar tækni við fjölbreyttar íþróttir og finnst mér það frábært. En það sem stendur mest upp úr hjá mér af því sem ég hef lært er hvað ég hef þróast mikið sem einstaklingur, mér hefur tekist að læra helling af hlutum um sjálfa mig sem ég hafði aldrei tekið eftir áður. Einnig bara það að búa í öðru landi og þurfa að læra að hugsa um mig sjálfa og standa með sjálfri mér hefur hjálpað mér að horfa á hluti frá svo allt öðru sjónarhorni, það er að segja bæði fólk og hegðun og einnig bara hvernig ég sé heiminn og hvað ég er þakklát fyrir það sem ég hef“.*

*Erla Viktoría Hrafnkelsdóttir,*
*Gerlev Idrætshøjskole.*

*“Ég hef klárlega lært að þekkja sjálfan mig mikið betur. Ég er búin að þroskast helling með því að fara út úr þægindarammanum og prófa nýja hluta. Hérna í þessu lýðháskóla í Danmörku hef ég lært að þekkja margar mismunandi menningar og lært hvernig á að koma fram við mismunandi fólk. Ég er búin að læra dönsku og skil hana eiginlega að fullu. Ég er einnig búin að öðlast færni og þekkingu í mörgum mismunandi íþróttum. Það er búið að vera frábært tækifæri fyrir mig að hafa komið hingað og sé ég alls ekki eftir því“.*

*Telma Þormarsdóttir,*
*Nordjyllands Idrætshøjskole.*




Markmið **UMFÍ** er að eftirsóknarvert sé að starfa innan hreyfingarinnar og að þar starfi fjölbreyttur hópur fólks með mismunandi hæfileika og metnað að leiðarljósi.

# HVATNINGARVERÐLAUN UMFÍ

Ungmennasamband Kjalarnesþings (UMSK) hlaut Hvatningarverðlaun UMFÍ á sambandsráðsfundi UMFÍ sem fram fór á Ísafirði í október árið 2018. Verðlaunin voru veitt UMSK fyrir nýsköpun og nýjungar í starfi á undanförnum árum. Þar á meðal er innleiðing og kynning á nýrri íþróttagrein á Íslandi, hlaupaskotfimi, sem margir þekkja sem biathlon. Keppt var í greininni í fyrsta sinn á Unglingalandsmóti UMFÍ á Höfn í Hornafirði verslunarmannahelgina 2019. Þá hefur sambandið jafnframt staðið fyrir útbreiðslu pannavalla á meðal aðildarfélaga sinna og haldið skólamót í blaki. Þá hefur UMSK stuðlað að auknu samstarfi aðildarfélaga sinna, þar á meðal með kynningar- og fræðsluferð fyrir stjórnendur þeirra til Bretlands og stutt þau til að standa fyrir verkefnum sem ætlað er að hvetja til aukinnar hreyfingar eldri borgara.

Valdimar Gunnarsson, framkvæmdastjóri UMSK, tók við Hvatningarverðlaunum UMFÍ fyrir hönd sambandsins.

Hvatningarverðlaun UMFÍ 2005 - 2017

23. október 2005, 44. sambandsþing UMFÍ haldið á Egilsstöðum
HSV - veitt verðlaunin fyrir velheppnað átak í auknu félagsstarfi tengdu getraunastarfi.
Framganga HSV er til fyrirmyndar og ætti að vera öðrum sambandsaðilum hvatning
til að nýta þá möguleika sem í getraunastarfi felast.

27. október 2006, 35. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn á Flúðum
Umf. Skipaskagi - veitt verðlaunin fyrir framúrskarandi uppbyggingarstarf á sviði íþrótta og ungmennafélagsmála. Keflavík íþrótta- og ungmennafélag - fyrir öflugt og metnaðarfullt íþrótta- og ungmennafélagsstarf á breiðum grunni.

21. október 2007, 45. sambandsþing UMFÍ haldið á Þingvöllum
Héraðssambandið Skarphéðinn - veitt verðlaunin fyrir framúrskarandi starf að kynningarmálum.

11. október 2008, 36. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stykkishólmi
HSÞ - veitt verðlaunin fyrir að koma á fót akstursjóði HSÞ.

11. október 2009, 46. sambandsþing UMFÍ haldið í Reykjanesbæ
UÍA - veitt verðlaunin fyrir framúrskarandi uppbyggingarstarf.

16. október 2010, 37. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn á Egilsstöðum
UMSE - veitt verðlaunin fyrir framúrskarandi uppbyggingarstarf.

16. október 2011, 47. sambandsþing UMFÍ haldið á Akureyri
HSV - veitt verðlaunin fyrir nýjungar í starfi og öflugt samstarf við sveitarfélagið.

13. október 2013, 48. sambandsþing UMFÍ haldið í Stykkishólmi
HSÞ - veitt verðlaunin fyrir kröftugt og metnaðarfullt starf á sviði íþrótta og æskulýðsmála á sambandssvæðinu, í kjölfarið á sameiningu HSÞ og UNÞ.

17. október 2015, 49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal
HSH, HSS, HHF, USK, UMFK, UMSB OG UDN - veitt verðlaunin fyrir öflugt og metnaðarfullt íþrótta- og ungmennafélagsstarf í tengslum við samstarfsverkefnið SamVest.

15. október 2016, 40. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn að Laugum í Sælingsdal
Frjálsíþróttaráð HSK - veitt verðlaunin fyrir öfluga starfsemi ráðsins undanfarin ár og ber þar fyrst að nefna að ráðið heldur árlega átta héraðsmót innan- og utanhúss og hefur þátttaka verið góð.

15. október 2017, 50. sambandsþing UMFÍ haldið á Hótel Hallormsstað
HSV - veitt verðlaun fyrir öflugar og metnaðarfullar körfuknattleiskbúðir Íþróttafélagsins Vestra á Ísafirði.

20. október 2018, 41. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn á Ísafirði
UMSK - veitt Hvatningarverðlaun fyrir nýsköpun og nýjungar í starfi sambandsins á undanförnum árum.



**UMFÍ** leggur áherslu á verðmæti sjálfboðaliðastarfsins enda hefur það verið mikilvægasti þátturinn starfi hreyfingarinnar. Það að láta gott af sér leiða skapar um leið félagsleg tengsl fyrir einstaklinginn.

# VIÐURKENNINGAR

## FYRIRMYNDARBIKARINN

Héraðssamband Þingeyinga (HSÞ) hlaut Fyrirmyndarbikarinn á Unglingalandsmóti UMFÍ á Höfn í Hornafirði um verslunarmannahelgina 2019. Hefð er fyrir því að formaður UMFÍ afhendi Fyrirmyndarbikarinn sambandsaðila UMFÍ sem sýnt hefur framkomu til fyrirmyndar jafnt innan vallar sem utan.

Við tilnefningu handhafa bikarsins er meðal annars horft til þess hvernig fulltrúar sambandsaðilans eru við inngöngu á setningarhátíð Unglingalandsmóts hverju sinni, horft til þess hvernig stuðningsfólk sambandsaðila hagar sér, framkoma félagsmanna og fylgdarliðs, háttsemi þeirra á tjaldsvæði og annað í þeim dúr sem skilar því að aðrir líta upp til ungmennafélaganna.

## SIGURÐARBIKARINN

Hefð hefur verið fyrir því síðan á fyrsta Unglingalandsmóti UMFÍ árið 1992 að afhenda mótshalda Sigurðarbikar. Þetta er farandbikar sem mótshaldari heldur í ár í senn.

Á Unglingalandsmótinu á Höfn í Hornafirði afhenti Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, Jóhönnu Írisi Ingólfsdóttur, formanni Ungmennasambandsins Úlfljótur, Sigurðarbikarinn við hátíðlega athöfn í Heklu, félagsheimili Ungmennafélagsins Sindra.

Viðstödd afhendinguna voru Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Eliza Reid forsetafrú, Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar, stjórn UMFÍ og fulltrúar bæjarstjórnar Hornafjarðar og í íþrótta- og æskulýðsmálum.

## MATMAÐUR UMFÍ - Á SAMBANDSÞINGI UMFÍ 2017

Hefð hefur verið fyrir því, frá árinu 1979, að velja matmann sambandsþings UMFÍ í lok síðustu máltíðar þingsins. Við valið er horft til framgöngu viðkomandi í matar- og kaffitímum, beitingu hnífapara, dómnefnd veltir vöngum yfir stíl viðkomandi við matarborðið og almennum borðsiðum. Dómnefndina skipa forseti sambandsþingsins og fyrrverandi matmaður.

Á sambandsþingi UMFÍ á Fljótsdalshéraði í október árið 2017 var Vigdís Diljá Óskarsdóttir, þingfulltrúi UÍA, valin matmaður. Áður en greint var frá vali dómnefndar sagði Stefán Bogi Sveinsson, forseti þingsins, að matmaðurinn hefði vakið athygli gesta á hátíðarkvöldverði sambandsþingsins. Þar hafi hún borðað forrétt sinn og sessunautarins og auk þess étið sig í gegnum tvo aðalrétti. Rúsínan í pylsuendanum var svo eftirréttur sem dugði tveimur.

Nafnbótinni matmaður UMFÍ fylgir fagurlega útskorinn askur sem er umferðargripur. Þegar Vigdís Diljá tók við askinum úr hendi Guðríðar Aadnegaard, formanns HSK, sagðist hún réttilega þurfa að borða fyrir tvo enda gekk hún þá með barni.

## MATMENN OG STAÐUR SAMBANDSÞINGA UMFÍ

1979 Ófeigur Gestsson UMSB - Stórutjarnaskóla
1981 Sigurður Geirdal UMSK - Kirkjubæjarklaustri
1983 Jón Guðjónsson UMSB - Njarðvík
1985 Skúli Oddsson USVS - Flúðum
1987 Valgerður Auðunsdóttir HSK - Egilsstöðum
1989 Einar Ole Pedersen UMSB - Mosfellsbæ
1991 Jón Ólafsson HSS - Húnavöllum
1993 Kjartan Lárusson HSK - Laugarvatni
1995 Sigurlaug Þ. Hermannsdóttir USAH - Blönduósi
1997 Ingibjörg B. Jóhannsdóttir UMSK - Grafarvogi
1999 Kári Gunnlaugsson KEF - Tálknafirði
2001 Einar Kristján Jónsson Vesturhlíð - Stykkishólmi
2003 Sigurbjörn Gunnarsson KEF - Sauðárkróki
2005 Haraldur Þ. Jóhannsson UMSS - Egilsstöðum
2007 Garðar Svansson HSH - Þingvöllum
2009 Valdemar Einarsson USÚ - Reykjanesbæ
2011 Stefán Bogi Sveinsson UÍA - Akureyri
2013 Valdimar Leó Friðriksson UMSK - Stykkishólmi
2015 Kristín Gunnarsdóttir UMSB - Vík í Mýrdal
2017 Vigdís Diljá Óskarsdóttir UÍA - Fljótsdalshéraði




**UMFÍ** er öflug fjöldahreyfing sem skiptir einstaklinga og samfélagið máli.

# VIÐURKENNINGAR

## HEIÐURSFÉLAGAR UMFÍ

Jóhannes Jósefsson 1927/1957
Þórhallur Björnsson 1927
Helgi Valtýsson 1927/1957
Guðmundur Jónsson frá Mosdal 1933
Vigfús Guðmundsson 1940
Björn Guðmundsson 1943
Björn Jakobsson 1946
Bernharð Stefánsson 1957
Guðbrandur Magnússon 1957
Jón Helgason 1957
Anders Skåsheim 1957
Eiríkur J. Eiríksson 1969
Sigurður Greipsson 1969
Skúli Þorsteinsson 1971
Þorsteinn Einarsson 1982
Hafsteinn Þorvaldsson 1987
Guðjón Ingimundarson 1987
Sigurður Geirdal 1993
Pálmi S. Gíslason UMSK 1997
Þórir Jónsson UMSB 2005
Björn B. Jónsson HSK 2011

## GULLMERKI UMFÍ

Daníel Ágústínusson, UMFÍ 1972
Þorsteinn Einarsson 1972
Jón Stefánsson, UMSE 1972
Ármann Pétursson, UMFÍ 1973
Gísli Andrésson, UMSK 1973
Stefán Ólafur Jónsson, UMFÍ 1973
Kjartan B. Guðjónsson GLÍ 1975
Valdimar Óskarsson, UMFÍ 1975
Óskar Ágústsson, HSÞ 1976
Gunnar Sveinsson, Keflavík 1977
Pálmi S. Gíslason, UMSK 1978
Jóhannes Sigmundsson, HSK 1981
Þórir Þorgeirsson, HSK 1981
Hafsteinn Þorvaldsson, HSK 1981
Gísli Halldórsson, ÍSÍ 1982
Hermann Guðmundsson, ÍSÍ 1982
Sveinn Björnsson, ÍSÍ 1982
Guðjón Ingimundarson, UMSS 1984
Páll Aðalsteinsson, UMSK 1984
Axel Jónsson, UMSK 1985
Þórður J. Pálsson 1985
Bergur Torfason, HVÍ 1987
Björn Ágústsson, UÍA 1987
Diðrik Haraldsson, HSK 1987
Jón G. Guðbjörnsson, UMSB 1987
Þóroddur Jóhannsson, UMSE 1987
Guðmundur H. Sigurðsson., USVH 1991
Hörður S. Óskarsson, Vesturhlíð 1992
Magndís Alexandersdóttir, HSH 1992
Þórir Jónsson, UMSB 1992
Sveinn Jónsson, UMSE 1992/2002
Dóra Gunnarsdóttir, UÍA 1993
Reynir G. Karlsson, UMSK 1993
Finnur Ingólfsson, USVS 1997
Kristján Yngvason, HSÞ 1997
Matthías S. Lýðsson, HSS 1997
Ólína Sveinsdóttir, UMSK 1997
Sigurlaug Þ. Hermannsdóttir, USAH 1997
Sigurbjörn Gunnarsson, Keflavík 1999
Þórir Haraldsson, HSK 2000
Ingimundur Ingimundarson, UMSB 2001
Magnús Jakobsson, UMSB 2001
Hafsteinn Pálsson, UMSK 2002
Jóhann Ólafsson, UMSE 2002
Kristín Gísladóttir, HHF 2003
Einar K. Jónsson, Vesturhlíð 2003
Haraldur Þ. Jóhannsson, UMSS 2004
Ellert B. Schram, ÍSÍ 2006
Gunnlaugur Birgir Gunnlaugsson, UMFF 2006
Arnór Benónýsson, HSÞ 2006
Páll Ragnarsson, UMSS 2007
Gunnar Ingi Birgisson, UMSK 2007
Björn Bjarndal Jónsson, HSK 2007
Anna R. Möller, UMSK 2007
Helga G. Guðjónsdóttir, HSK 2008
Snorri Hjaltason, UMFF 2008
Sigurður Guðmundsson., UMSK 2009
Guðmundur Kr. Jónsson, HSK 2010
Ásdís Helga Bjarnadóttir, UMSB 2010
Guðmundur Sigurðsson UMSB 2011
Björn Ármann Ólafsson UÍA 2012
Jóhann Tryggvason UÍA 2013
Stefán Þorleifsson UÍA 2013
Einar Haraldsson Keflavík 2014
Ester Jónsdóttir UMSK 2014
Svanur Gestsson UMSK 2014
Albert Valdimarsson UMSK 2014
Engilbert Olgeirsson HSK 2014
Sigfús Haraldur Bóasson HSÞ 2014
Anna Sigrún Mikaelsdóttir HSÞ 2014
Ólafur Thordersen UMFN 2014
Friðrik Pétur Ragnarsson UMFN 2014
Páll Kristinsson UMFN 2014
Jón Páll Hreinsson HSV 2014
Hermann Níelsson HSV/UÍA 2014
Kári Gunnlaugsson Keflavík 2015
Hringur Hreinsson UMSE 2015
Sæmundur Runólfsson USVS 2015
Snorri Olsen UMSK 2016
Valdimar Leó Friðriksson UMSK 2016
Aðalbjörg Valdimarsdóttir USAH 2016
Þórður Magni Kjartansson Keflavík 2017
Birgir Ingibergsson Keflavík 2017
Björg Jakobsdóttir UMSK 2017
Sveinn Jóhann Þórðarson, HHF 2017
Jón M. Ívarsson, HSK 2018
Rósa Marinósdóttir, UMSB 2018
Jóhann Eysteinn Pálmason, UDN 2018
Guðmundur Þorsteinsson, UMSB 2019
Guðríður Aadnegard, HSK 2019
Guðný Stefanía Stefánsdóttir 2019

## STARFSMERKI UMFÍ 2018 - 2019*

Falur Helgi Daðason 2018

### Ungmennafélag Njarðvíkur

Eygló Alexandersdóttir 2018

### Ungmennafélagið Fjölnir

Laufey Jörgensdóttir 2018

### Ungmennasamband Kjalarnesþings

Helga Jóhannesdóttir 2018
Margrét Björnsdóttir 2018
Þórey S. Guðmundsdóttir 2018
Anton Bjarnason 2018
Jóhann Guðjónsson 2019

### Ungmennasamband Borgarfjarðar

Flemming Jessen 2018
Kristján Gíslason 2018
Hrönn Jónsdóttir 2019
Guðríður Ebba Pálsdóttir 2019
Ásgeir Ásgeirsson 2019

### Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu

Guðmundur Gíslason 2018
Hermundur Pálsson 2018
Eydís Eyþórsdóttir 2018
Páll Margeir Sveinsson 2018
Davíð Sveinsson 2019

### Ungmennasamband Dalamanna og Norður- Breiðfirðinga

Kristján Jóhannsson 2018
Jón Egilsson 2018
Hrefna Sumarlína Ingibergsdóttir 2018
Herdís Erna Matthíasdóttir 2018
Ingveldur Guðmundsdóttir 2018

### Héraðssamband Vestfjarða

Rósa Þorsteinsdóttir 2019
Árni Aðalbjarnarson 2019

### Ungmennasamband Skagafjarðar

Björn Hansen 2018
Sigurlína Hrönn Einarsdóttir 2018
Skúli V. Jónsson 2018
Gunnar Þór Gestsson 2019
Sara Gísladóttir 2019

### Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar

Gunnlaugur Stefán Vigfússon 2018

### Ungmennasamband Eyjafjarðar

Stefán Garðar Níelsson 2018

### Héraðssamband Þingeyinga

Guðrún Kristinsdóttir 2018

### Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands

Elín Rán Björnsdóttir 2018

### Ungmennasambandið Úlfljótur

Halldór Einarsson 2019
Sigurður Óskar Jónsson 2019

### Ungmennasamband Vestur-Skaftfellinga

Stefán Jónsson 2018
Linda Agnarsdóttir 2018
Vigfús Hróbjartsson 2018
Vilborg Smáradóttir 2018

### Héraðssambandið Skarphéðinn

Hjörtur Þórarinsson 2018
Jóhanna Hjartardóttir 2018
Þorbjörg Vilhjálmsdóttir 2018
Árni Þór Hilmarsson 2018
Jóhanna Hlöðversdóttir 2019
Sigríður Anna Guðjónsdóttir 2019
Guðmann Óskar Magnússon 2019

***HEILDARLISTA YFIR VIÐURKENNINGAR MÁ SJÁ Á WWW.UMFI.IS**




**UMFÍ** aðstoðar sambandsaðila og aðildarfélög þeirra við stjórnun og rekstur og leggur áherslu á að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur.

# LÖG UMFÍ

**Lög Ungmennafélags Íslands**

## I. KAFLI: NAFN, FÁNI OG KJÖRORÐ

**1. grein**
Landssamband ungmennafélaga á Íslandi heitir Ungmennafélag Íslands, skammstafað UMFÍ. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

**2. grein**
Fáni UMFÍ er Hvítbláinn. Kjörorð UMFÍ er: Íslandi allt. Hvítbláinn skal vera í merki UMFÍ, að öðru leyti ákveður sambandsþing UMFÍ gerð þess.

## II. KAFLI: MARKMIÐ UMFÍ

**3. grein**
Markmið UMFÍ er ræktun lýðs og lands. Markmiði sínu hyggst UMFÍ ná með því að: Vinna að líkamlegum og félagslegum þroska félagsmanna sinna með því að gefa sem flestum kost á að taka þátt í heilbrigðu félagsstarfi.
Standa fyrir iðkun íþrótta og stuðla að heilbrigðum lífsháttum og hollri hreyfingu. Varðveita menningarlegt og efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar.
Starfa í anda friðar og jafnréttis. Vinna gegn neyslu áfengis, tóbaks og annarra vímuefna. Vinna að landgræðslu, skógrækt og umhverfisvernd.
Stuðla að jafnvægi í byggð landsins og auka fræðslu almennings til að auðvelda hverjum og einum að taka afstöðu til þjóðnytjamála og vinna að framgangi þeirra.

Glæða með þjóðinni tryggð og rækt við heimili sín, átthaga og ættjörð.

## III. KAFLI: RÉTTINDI OG SKYLDUR

**4. grein**
UMFÍ skiptist í héraðssambönd og ungmennasambönd. Einnig geta ungmennafélög innan héraðssambanda og ungmennasambanda sem ekki eru aðilar að UMFÍ og ungmennafélög á svæðum þar sem slík sambönd eru ekki starfandi, gerst aðilar að UMFÍ. Aðilar að UMFÍ skulu hafa heitin „héraðssamband", „ungmennasamband" eða „ungmennafélag" í heiti sínu.

**5. grein**
Inntökubeiðni í UMFÍ skal fylgja eintak af lögum umsækjanda sem skulu vera í fullu samræmi við sambandslög þessi. Sambandsþing úrskurðar um inntöku. Sambandsþing hefur rétt til að víkja sambandsaðilum úr UMFÍ.

**6. grein**
Vilji sambandsaðili ganga úr UMFÍ telst úrsögn því aðeins lögmæt, að samþykkt hafi verið á löglegu héraðsþingi eða aðalfundi. Skal segja til þess á sambandsþingi UMFÍ. Aðili sem gengið hefur úr UMFÍ getur ekki krafist endurgreiðslu á fé sem hann hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum UMFÍ.

**7. grein**
Hvert félag innan UMFÍ greiðir árgjald í sambandssjóð af hverjum reglulegum félagsmanni fullra sextán ára og eldri eftir ákvörðun sambandsþings og skilar því fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Sambandsfélögin semja skýrslu um störf sín og hag við hver áramót og senda skýrsluna, ásamt félagaskrá með kennitölum, í tveimur eintökum til sambandsaðila. Sambandsaðili sendir annað eintakið til UMFÍ fyrir lok aprílmánaðar. Skylt er sambandsaðilum að semja skýrslu á sama hátt. UMFÍ leggur til skýrslueyðublöð.

**8. grein**
Sérhver ungmennafélagi hefur málfrelsi og tillögurétt hvar sem er á fundi ungmennafélaganna.

## IV. KAFLI: STJÓRNUN UMFÍ

**9. grein**
Sambandsþing UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ. Stjórn skal boða skriflega til sambandsþings með a.m.k. 6 vikna fyrirvara og skal það haldið fyrir 15. nóvember annað hvort ár.
Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá, ársreikningi og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir sambandsþing skal senda sambandsaðilum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara.
Sambandsaðilar kjósa fulltrúa til sambandsþings miðað við fjölda skattskyldra félaga skv. félagatali í skráningarkerfi UMFÍ sem skila skal í síðasta lagi 15. apríl það ár sem þing er haldið sem hér segir:
1 fulltrúa fyrir 1 – 200 skattskyldra félaga.
1 fulltrúa fyrir 201 – 400 skattskyldra félaga og síðan einn fulltrúa fyrir hverja 800 skattskyldra félaga þar yfir en þó með hámarki 17 fulltrúa.
Til viðbótar því sem að framan greinir skulu formenn héraðssambanda og ungmennasambanda eða staðgenglar vera sjálfkjörnir.
Sambandsþing er lögmætt ef löglega er til þess boðað og mættur er fullur helmingur réttkjörinna fulltrúa.

***Verkefni sambandsþings skulu m.a. vera:***
- Ræða skýrslur liðins kjörtímabils.
- Afgreiða reikninga næstliðins reikningsárs, sem er almanaksárið.
- Lagabreytingar.
- Marka stefnu UMFÍ á komandi árum.
- Kjósa formann UMFÍ, 6 stjórnarmenn og 4 varastjórnarmenn, kjósa 5 aðalmenn og tvo varamenn í kjörnefnd, kjósa 2 skoðunarmenn og 2 til vara.
- Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs.

**10. grein**
Sambandsráð UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ á milli sambandsþinga. Sambandsráð er skipað formönnum sambandsaðila UMFÍ eða varamönnum þeirra, ásamt stjórn UMFÍ eða varamönnum hennar. Verkefni sambandsráðsfundar skulu vera: Ræða skýrslur næstliðins árs. Afgreiða reikninga liðins árs. Greiði einhver fulltrúi á sambandsráðsfundi atkvæði gegn því að reikningar séu samþykktir, þá skulu þeir lagðir fyrir næsta sambandsþing til afgreiðslu. Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs. Ræða viðfangsefni UMFÍ milli þinga.

**11. grein**
Stjórn UMFÍ skal skipuð sjö mönnum: Formanni, ritara, gjaldkera, varaformanni og þrem meðstjórnendum. Kosning stjórnar skal vera skrifleg. Formaður skal kosinn sérstaklega, en aðrir stjórnarmenn í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til stjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa sex menn sem gefið hafa kost á sér til stjórnarkjörs. Varastjórn skipa fjórir menn og skal hún kosin í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til varastjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa fjóra menn sem gefið hafa kost á sér til varastjórnarkjörs. Atkvæðafjöldi ræður röð varamanna og skal á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar dregið um röð þeirra séu atkvæði jöfn.
Sambandsþing UMFÍ skal kjósa fimm manna kjörnefnd og tvo til vara, sem starfar til loka næsta sambandsþings.

Tilkynning um framboð til stjórnar og varastjórnar UMFÍ skal berast skriflega til kjörnefndar eigi síðar en 10 dögum fyrir þing. Einstaklingur sem býður sig fram til formanns getur jafnframt boðið sig fram til stjórnar og/eða varastjórnar á þinginu kjósi hann svo. Sama á við um einstakling sem býður sig fram til stjórnar og getur hann þá á þinginu boðið sig fram til varastjórnar.

Við stjórnarkjör skal leitast við að í kjöri séu fulltrúar frá hverju kjördæmi. Ef þessu markmiði hefur ekki verið náð, eftir að framboðsfrestur rennur út, er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn um allt að 5 daga og skal sú ákvörðun tilkynnt sambandsaðilum. Heimilt er að bera fram tillögu um fleiri menn en einn úr hverju kjördæmi. Kjörgengir til stjórnar og varastjórnar eru allir skattskyldir ungmennafélagar.

Stjórn kýs úr sínum hópi til eins árs í senn þrjá menn og einn til vara er skipa framkvæmdastjórn. Hlutverk framkvæmdastjórnar eru að fylgja eftir samþykktum stjórnar og afgreiða mál á milli stjórnarfunda.
Stjórn UMFÍ skal á hverju kjörtímabili halda a.m.k. einn stjórnarfund í hverjum landsfjórðungi.
Verkefni stjórnar skulu vera:
- Stýra málefnum UMFÍ milli þinga.
- Úrskurða ágreiningsmál þau sem skotið er til hennar.
- Varðveita sjóði UMFÍ og leggja fram endurskoðaða reikninga til þings og sambandsráðsfundar.
- Birta árlega skýrslu um gerðir, hag og horfur UMFÍ.

Skoðunarmenn skulu vera tveir og tveir til vara.


UMFÍ

# LÖG UMFÍ

**12. grein**
Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á sambandsþingi, sambandsráðsfundi og stjórnarfundi, nema um lagabreytingu sé að ræða eða breytingu á reglugerð um skiptingu lottótekna.

## V. KAFLI: LANDSMÓT OG UNGLINGALANDSMÓT

**13. grein**
Stjórn UMFÍ skal ákveða hvenær Landsmót, Unglingalandsmót, Landsmót UMFÍ 50+ eða önnur landsmót skulu haldin og samþykkja reglugerðir fyrir mótin.
Stjórn UMFÍ skal með hæfilegum fyrirvara auglýsa innan hreyfingarinnar eftir sambandsaðilum sem áhuga hafa á að taka að sér að halda Landsmót UMFÍ, Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót UMFÍ.
Stjórn UMFÍ skal ákveða hvaða aðili úr hópi umsækjanda skal halda mótið. Stjórn UMFÍ skal eiga rétt á að tilnefna fulltrúa sinn í undirbúningsnefndir mótanna.
Meðal annars skal gæta eftirtalinna atriða við allan undirbúning og framkvæmd mótanna:

- Þau endurspegli eftir föngum umfang og fjölbreytileika í starfsemi ungmennafélagshreyfingarinnar.
- Aðstaða til keppnisíþrótta sé eins góð og kostur er.
- Almenningi sé gefinn kostur á þátttöku.
- Þau séu vímulaus.
- Þau séu ætluð fjölskyldufólki og fólki á öllum aldri.
- Að vegalengdir milli keppnisstaða séu innan hæfilegra marka.

## VI. KAFLI: HEIÐURSVIÐURKENNINGAR

**14. grein**
Sambandsþing getur kjörið heiðursfélaga UMFÍ þá menn er unnið hafa ungmennafélagshreyfingunni óvenju mikið gagn eða þingið vill veita sérstaka sæmd fyrir ágæt störf í anda UMFÍ. Heiðursfélagar hafa öll réttindi ungmennafélaga en eru sjálfráðir um skyldur.
Heiðursviðurkenningar má og veita samkvæmt sérstakri reglugerð.

## VII. KAFLI: SLIT UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

**15. grein**
Til þess að slíta Ungmennafélagi Íslands eða sameina það öðrum samtökum þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á lögmætu sambandsþingi. Slík tillaga þarf einnig að hljóta samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á sérstöku aukaþingi sem stjórn UMFÍ skal boða til innan 6 mánaða. Á aukaþinginu skulu sambandsaðilar eiga rétt á sama fjölda þingfulltrúa eins og á sambandsþinginu en að öðru leyti skulu ákvæði laga þessa um sambandsþing gilda um aukaþingið.
Ef samþykkt verður skv. 1. mgr. að slíta UMFÍ skal aukaþingið ákveða hvert fjárhagslegar og ófjárhagslegar eignir og réttindi UMFÍ skulu renna.

## VIII. KAFLI: LAGABREYTINGAR OG GILDISTAKA

**16. grein**
Lögum þessum má aðeins breyta á lögmætu sambandsþingi og þarf til þess 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur til lagabreytinga/reglugerðabreytinga skal senda stjórn UMFÍ minnst 4 vikum fyrir sambandsþing og skal stjórn UMFÍ senda tillögurnar sambandsaðilum til kynningar minnst 2 vikum fyrir þing. Til að taka til afgreiðslu tillögur sem ekki hafa hlotið kynningu skv. 2. mgr. þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða, nema um sé að ræða tillögu til breytinga á áður kynntri tillögu til breytinga á lögum eða reglugerð.

**17. grein**
Sambandslög þessi öðlast þegar gildi. Eru þar með eldri lög úr gildi numin.

Samþykkt á 50. sambandsþingi UMFÍ 2017
á Hallormsstað.


UMFÍ

# ÁRSREIKNINGUR

**Til stjórnar og aðildarfélaga í Ungmennafélagi Íslands**
**Álit**
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ungmennafélags Íslands fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2018, efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

**Grundvöllur fyrir áliti**
Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Ungmennafélagi Íslands í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum**
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Ungmennafélags Íslands. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.
Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins**
Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

**Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:**

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits samtakanna.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbygginguna, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til gloggrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á. Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 29. maí 2019.

Sigrún Guðmundsdóttir (sign) endurskoðandi
**BDO ehf.**
Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Ungmennafélags Íslands höfum yfirfarið ársreikning þennan.
Við teljum hann vera í samræmi við lög og samþykktir félagsins og leggjum til að hann verði samþykktur.

Borghildur Sigurðardóttir (sign) Örn Pálsson (sign)

**Skýrsla stjórnar**
Ársreikningur Ungmennafélags Íslands fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.
Rekstur UMFÍ var með hefðbundnu sniði á árinu 2018. Ungmenna- og tómstundabúðir UMFÍ flytja á árinu 2019 og hefur verið færð inn skuldbinding á árinu 2018 upp á 7,5 milljón króna sem á að ráðstafa í flutninginn. Sjá nánari umfjöllun um skuldbindingu vegna sérverkefna í skýringu 18 í ársreikningnum.
Tekjur félagsins umfram gjöld á árinu 2018 voru 6,8 milljónir króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins að undanþeginn aflagðri starfsemi kr. 488.677.251 og bókfært eigið fé í árslok er kr. 374.723.835 og er eiginfjárhlutfall félagsins 77%.
Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Ungmennafélags Íslands að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.
Stjórn og framkvæmdastjóri Ungmennafélags Íslands staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. maí 2019.

**Í stjórn**

Haukur Valtýsson (sign)
**formaður**

| | |
|---|---|
| Örn Guðnason (sign) | Helga Jóhannesdóttir (sign) |
| Hrönn Jónsdóttir (sign) | Ragnheiður Högnadóttir (sign) |
| Gunnar Gunnarsson (sign) | Jóhann S. Ingimundarson (sign) |
| Lárus B. Lárusson (sign) | Gunnar Þ. Gestsson (sign) |
| Sigurður Óskar Jónsson (sign) | Guðmundur Sigurbergsson (sign) |

**Framkvæmdastjóri**

Auður Inga Þorsteinsdóttir (sign)

# REKSTRARREIKNINGUR

## REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2018

| **Rekstrartekjur** | Skýr. | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| Ríkisframlag | 3 | 129.600.000 | 117.600.000 |
| Lottó og getraunir | 4 | 217.380.242 | 195.208.843 |
| Aðrar tekjur | 5 | 135.370.618 | 103.890.017 |
| | | **482.350.860** | **416.698.860** |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 6 | 118.924.373 | 113.440.176 |
| Lottó til sambandsaðila | | 170.466.391 | 152.950.986 |
| Annar rekstrarkostnaður | 7 | 161.426.229 | 121.938.186 |
| Veittir styrkir | | 17.744.250 | 14.021.500 |
| Afskriftir | 10 | 4.341.550 | 4.624.600 |
| | | **472.902.793** | **406.975.448** |
| **Rekstrarniðurstaða án fjármuna- og fjármagnsliða** | | **9.448.067** | **9.723.412** |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | |
| Fjármunatekjur | 8 | 1.959.307 | 6.921.469 |
| Fjármagnsgjöld | 8 | (4.662.111) | (3.980.054) |
| | | **(2.702.804)** | **2.941.415** |
| **Rekstrarniðurstaða ársins af áframhaldandi starfsemi** | | **6.745.263** | **12.664.827** |
| Tap af aflagðri starfsemi | 9 | 0 | (6.240.067) |
| **Rekstrarniðurstaða ársins** | | **6.745.263** | **6.424.760** |
| **Önnur heildarafkoma** | | | |
| Liðir sem verða færðir yfir rekstrarreikning: | | | |
| Hlutdeild í afkomu Íslenskrar getspár sf | 11 | 93.125 | 4.588.119 |
| **Heildarafkoma ársins** | | **6.838.388** | **11.012.879** |



# HEILDARYFIRLIT 2018

## HEILDARYFIRLIT UM REKSTUR 2018

| | Aðalsjóður | Laugar | Fræðslu og verkefna sj. | Umhverfis-sjóður | Millideilda viðskipti | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | | | |
| Ríkisframlag | 111.800.000 | 17.800.000 | | | | **129.600.000** |
| Lottó og getraunir | 202.275.625 | | 15.104.617 | | | **217.380.242** |
| Aðrar tekjur | 67.461.339 | 66.948.439 | 2.660.840 | 300.000 | (2.000.000) | **135.370.618** |
| | 381.536.964 | 84.748.439 | 17.765.457 | 300.000 | (2.000.000) | **482.350.860** |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 71.741.958 | 47.182.415 | | | | **118.924.373** |
| Lottó til sambandsaðila | 170.466.391 | | | | | **170.466.391** |
| Annar rekstrarkostnaður | 124.720.970 | 36.705.259 | | | | **161.426.229** |
| Veittir styrkir | 3.230.000 | | 16.214.250 | 300.000 | (2.000.000) | **17.744.250** |
| Afskriftir | 3.116.500 | 1.225.050 | | | | **4.341.550** |
| | 373.275.819 | 85.112.724 | 16.214.250 | 300.000 | (2.000.000) | **472.902.793** |
| **Rekstrarniðurstaða án fjármuna- og fjármagnsliða** | **8.261.145** | **(364.285)** | **1.551.207** | **0** | **0** | **9.448.067** |
| Fjármagnstekjur | 588.026 | 119 | 1.003.372 | 367.790 | | **1.959.307** |
| Fjármagnsgjöld | (4.646.249) | (15.862) | | | | **(4.662.111)** |
| | (4.058.223) | (15.743) | 1.003.372 | 367.790 | 0 | **(2.702.804)** |
| **Rekstrarniðurstaða ársins** | **4.202.922** | **(380.028)** | **2.554.579** | **367.790** | **0** | **6.745.263** |

# EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2018

## EIGNIR

| **Fastafjármunir** | Skýr. | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 10 | | |
| Fasteignir | | 110.700.000 | 113.400.000 |
| Bifreiðir | | 7.246.850 | 7.042.250 |
| | | **117.946.850** | **120.442.250** |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | |
| Eignarhluti í íslenskri getspá | 11 | 275.036.336 | 274.943.211 |
| | | **275.036.336** | **274.943.211** |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Óinnheimtar kröfur | 12 | 8.739.393 | 8.479.672 |
| Óframkomnar lottótekjur | | 17.614.676 | 16.589.571 |
| Aðrar skammtímakröfur | 14 | 217.644 | 2.222.101 |
| Handbært fé | 14 | 69.122.352 | 53.987.743 |
| | | 95.694.065 | 81.279.087 |
| **EIGNIR** | | **488.677.251** | **476.664.548** |

| **Eigið fé og skuldir** | Skýr. | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 15 | | |
| Óráðstafað eigið fé | | 374.723.835 | 367.885.445 |
| **Eigið fé** | | 374.723.835 | 367.885.445 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 16 | 43.359.462 | 46.528.738 |
| Skuldbinding vegna sérverkefna | 18 | 2.996.000 | 7.996.000 |
| | | **46.355.462** | **54.524.738** |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Óskipt lottófé | | 14.072.875 | 13.668.827 |
| Viðskiptaskuldir | 17 | 9.554.199 | 9.478.514 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 16 | 2.812.509 | 2.834.244 |
| Skuldbinding vegna flutnings ungmennabúða | 18 | 10.500.000 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 17 | 30.658.371 | 28.272.780 |
| | | 67.597.954 | 54.254.365 |
| **SKULDIR** | | 113.953.416 | 108.779.103 |
| **EIGIÐ FÉ OG SKULDIR** | | **488.677.251** | **476.664.548** |

# YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2018

| REKSTRARHREYFINGAR | Skýr. | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Rekstrarniðurstaða ársins | | 6.745.263 | 6.424.760 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 10 | 4.341.550 | 4.624.600 |
| Breyting á skuldbinindingu vegna sérverkefna | 18 | 2.000.000 | 8.000.000 |
| Matsbreyting verðbréfaeignar | 13 | (31.525) | (4.692.193) |
| Verðbætur langtímalána | | 1.682.840 | 861.741 |
| | | 14.738.128 | 15.218.908 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 719.631 | (54.783) |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | | 8.365.324 | (22.288.753) |
| **HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI** | | **23.823.083** | **(7.124.628)** |
| **FJÁRFESTINGAHREYFINGAR** | | | |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir | | (3.990.000) | 0 |
| Seldir aðrir varanlegir rekstrarfjármunir | | 2.143.850 | 0 |
| Seld fjárfestingaverðbréf | 13 | 31.525 | 4.692.193 |
| | | (1.814.625) | 4.692.193 |
| **FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR** | | | |
| Afborganir langtímaskulda | | (4.873.849) | (2.806.522) |
| Ráðstafað til sérverkefna | 18 | (2.000.000) | (8.000.000) |
| | | **(6.873.849)** | **(10.806.522)** |
| **HÆKKUN/(LÆKKUN) HANDBÆRS FJÁR** | | **15.134.609** | **(13.238.957)** |
| Handbært fé í upphafi árs | | 53.987.743 | 67.226.700 |
| Handbært fé í lok árs | | **69.122.352** | **53.987.743** |

# SKÝRINGAR

## 1. STARFSEMI

Ungmennafélag Íslands er landssamband ungmennafélaga skammstafað UMFÍ. Markmið hreyfingarinnar er "Ræktun lýðs og lands" og kjörorðið er "Íslandi allt". Sambandsaðilar eru 18 héraðssambönd og 11 félög með beina aðild. Alls eru um 330 félög innan UMFÍ með yfir 160 þúsund félagsmenn. UMFÍ leggur áherslu á að allir geti verið með, og að þátttaka er lífsstíll.
Hlutverk UMFÍ er að samræma starfsemi ungmennafélaga á Íslandi og veita þjónustu við aðildarfélög og félagsmenn. Einnig kemur UMFÍ fram út á við fyrir hönd ungmennafélaganna, til dæmis gagnvart stjórnvöldum og í erlendum samskiptum. UMFÍ stendur ennfremur fyrir verkefnum og mótahaldi í samstarfi við aðilarfélög sín.

## 2. REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Ungmennafélags Íslands fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytta framsetningu ársreiknings þessa árs. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum. Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í s amræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

### Skráning tekna

Tekjur af þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Tekjur er sýndar í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta. Vaxtatekjur eru færðar á viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu nema ef verulegur vafi ríkir um innheimtu þeirra.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

### Eignarhluti í Íslenskri getspá

Eignarhlutdeild félagsins í samrekstri Íslenskrar getspár sf. hefur verið skilgreind sem fjáreign til sölu (e. Available-for-sale) til samræmis við markmið stjórnar tengt eigninni. Bókfært verð eignarhlutarinns er metið samkvæmt hlutdeildaraðferð og er eignarhlutdeildin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstrarafkomu Íslenskrar getspár. Mótteknar arðstekjur frá Íslenskri getspá eru tilgreindar meðal rekstrartekna en hluteild í afkomu umfram arðgreiðslur eru nú færðar meðal eigin fjár og tilgreindar í annarri heildarafkomu.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

## 3. RÍKISFRAMLAG

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Ríkisframlag - UMFÍ | 102.900.000 | 90.900.000 |
| Ríkisframlag - ULM | 8.900.000 | 8.900.000 |
| Ríkisframlag - Laugar | 17.800.000 | 17.800.000 |
| | **129.600.000** | **117.600.000** |

## 4. LOTTÓ OG GETRAUNIR

| | | |
|---|---|---|
| Lottótekjur - UMFÍ | 200.675.625 | 180.056.223 |
| Lottótekjur - Fræðslu- og verkefnasjóður | 15.104.617 | 13.552.620 |
| Getraunir 1X2 | 1.600.000 | 1.600.000 |
| | **217.380.242** | **195.208.843** |

## 5. AÐRAR TEKJUR

| | | |
|---|---|---|
| Önnur rekstrarframlög | 21.388.803 | 17.907.717 |
| Kostunaraðilar | 20.912.000 | 11.482.350 |
| Sölutekjur | 6.647.994 | 5.869.821 |
| Leigutekjur | 12.219.209 | 10.293.172 |
| Þátttökugjöld | 67.602.068 | 54.178.957 |
| Ýmsar tekjur | 6.513.140 | 4.158.000 |
| Söluhagnaður | 87.404 | 0 |
| | **135.370.618** | **103.890.017** |

## 6. LAUN OG ANNAR STARFSMANNAKOSTNAÐUR

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 93.079.682 | 88.446.994 |
| Áunnið orlof, breyting | 275.003 | 523.116 |
| Tryggingagjald | 7.642.806 | 7.205.899 |
| Lífeyrissjóðsframlag | 11.794.187 | 9.984.690 |
| Sjóðagjöld - mótframlag | 1.644.312 | 1.729.373 |
| Annar starfsmannakostnaður | 4.488.383 | 5.550.104 |
| | **118.924.373** | **113.440.176** |
| Stöðugildi að meðaltali | 15 | 15 |

## 7. ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR

| | | |
|---|---|---|
| Húsnæðiskostnaður | 22.060.094 | 20.122.882 |
| Rekstur áhalda og tækja | 7.372.436 | 1.502.674 |
| Ferðakostnaður og rekstur bifreiða | 12.731.430 | 12.816.719 |
| Skrifstofukostnaður | 5.781.239 | 5.782.636 |
| Stjórnun og umsýsla | 18.553.329 | 18.943.175 |
| Verkefni, kynning og útbreiðsla | 15.421.820 | 18.482.232 |
| Skinfaxi | 5.476.510 | 5.002.542 |
| Erlend samskipti | 770.946 | 2.423.913 |
| Mótahald | 52.757.706 | 27.245.157 |
| Rekstur ungmennabúða | 13.000.719 | 9.616.256 |
| Skuldbinding v. flutnings ungmennabúða 2019. | 7.500.000 | 0 |
| | **161.426.229** | **121.938.186** |

## 8. FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| **Fjármunatekjur greinast þannig** | | |
| Vaxtatekjur | 1.862.717 | 2.229.276 |
| Endurheimtur verðbréfasafns | 31.525 | 4.692.193 |
| Gengishagnaður | 65.065 | 0 |
| | **1.959.307** | **6.921.469** |
| **Fjármagnsgjöld greinast þannig** | | |
| Vextir og greiddar verðbætur | 2.979.273 | 2.861.303 |
| Áfallnar verðbætur | 1.682.838 | 861.743 |
| Gengistap | 0 | 257.008 |
| | **4.662.111** | **3.980.054** |

## 9. AFLÖGÐ STARFSEMI

Að beiðni stjórnar UMFÍ féllst Menntamálaráðuneytið á að rifta samningi um Evrópuskrifstofu (EUF) og fluttist starfsemi EUF til Rannís þann 1. júlí 2017. Áhrif þess á UMFÍ er að stöðugildum fækkar um þrjú, tekjur lækka á ársgrundvelli um u.þ.b. 40 milljónir króna að jafnaði. Rekstraráhrif EUF eru færð í einni línu í rekstrarreikningi. Tap af aflagðri starfsemi greinist þannig:

| Tap af aflagðri starfsemi | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 0 | 19.339.666 |
| Rekstrargjöld | 0 | (25.459.039) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 0 | (120.694) |
| | 0 | **(6.240.067)** |

| Nánari sundurliðun rekstrargjalda | | |
|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 0 | 18.607.413 |
| Annar rekstrarkostnaður | 0 | 6.349.309 |
| Veittir styrkir | 0 | 502.320 |
| | **0** | **25.459.039** |

## 10. VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR OG AFSKRIFTIR

| | Fasteignir og lóðir | Bifreiðir | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | |
| Staða í ársbyrjun | 135.000.000 | 9.623.000 | 144.623.000 |
| Selt og aflagt á árinu | 0 | (3.500.000) | (3.500.000) |
| Keypt á árinu | 0 | 3.990.000 | 3.990.000 |
| Staða í árslok | 135.000.000 | 10.113.000 | 145.113.000 |
| **Afskriftir** | | | |
| Staða í ársbyrjun | 21.600.000 | 2.580.750 | 24.180.750 |
| Selt og aflagt á árinu | 0 | (1.356.150) | (1.356.150) |
| Afskrift ársins | 2.700.000 | 1.641.550 | 4.341.550 |
| Staða í árslok | **24.300.000** | **2.866.150** | **27.166.150** |
| **Bókfært verð** | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 113.400.000 | 7.042.250 | 120.442.250 |
| Bókfært verð í árslok | **110.700.000** | **7.246.850** | **117.946.850** |
| Afskriftarhlutföll | 2% | 20% | |

Vátryggingaverðmæti lausafjármuna, annarra en bifreiða, nam í árslok 26,7 milljónum króna.

Félagið hefur veðsett fasteignir og lóðir til tryggingar á skuldum við lánastofnanir.
Í árslok nemur bókfært verð veðsettra eigna 110,7 milljón króna og eftirstöðvar áhvílandi lána nema 46 milljónum króna.
Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

| | Fasteignamat | Vátryggingamat |
|---|---|---|
| Fasteignir og lóðir - Reykjavík | 125.550.000 | 228.900.000 |
| Fasteignir og lóðir - Þrastaskógi | 2.729.000 | 2.270.000 |
| Aðrar lausafjártryggingar | 0 | 26.748.000 |

## 11. EIGNARHLUTI Í ÍSLENSKRI GETSPÁ

Félagið hefur eftirfarandi hagsmuni í sameiginlegu verkefni:

Félagið á 13,33% hlutdeild í Íslenskri getspá sf. sem er sameignarfélag en meðeigendur félagsins eru Íþrótta- og ólympíusamband Íslands sem á 46,67% hlut og Öryrkjabandalag Íslands sem á 40% hlut.

| | Hlutdeild | Stofnfé |
|---|---|---|
| Íslensk getspá sf. | 13,33% | 440.864 |

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 274.943.211 | 270.355.092 |
| Hlutdeild í afkomu | 215.873.367 | 198.196.962 |
| Arður | (199.784.242) | (173.613.843) |
| Viðbótarúthlutun vegna afmælis Ísl. Getspá sf. | (15.996.000) | (19.995.000) |
| Staða í árslok | 275.036.336 | 274.943.211 |

## 12. ÓINNHEIMTAR KRÖFUR

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast.
Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

| | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 15.037.720 | 10.348.418 |
| Niðurfærsla krafna | (6.298.327) | (1.868.746) |
| | 8.739.393 | 8.479.672 |

Niðurfærslureikningur viðskiptakrafna greinist þannig á árinu:

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Niðurfærslureikningur krafna í upphafi árs | 1.868.746 | 1.740.850 |
| Endanlega afskrifaðar viðskiptakröfur | (306.900) | (605.164) |
| Framlag á niðurfærslureikning viðskiptakrafna | 4.736.481 | 733.060 |
| | **6.298.327** | **1.868.746** |

## 13. VERÐBRÉFAEIGN

Félagið á verðbréf og eignarhluti í félögum sem stofnuð voru til að verja hagsmuni þess vegna verðbréfaviðskipta. Verðbréf þessi eru að fullu afskrifuð en komið hefur í ljós að nokkrar endurheimtur hafa átt sér stað á þeim. Endurheimturnar eru því tekjufærðar þegar þær berast til félagsins.

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 0 | 0 |
| Greitt á árinu | (31.525) | (4.692.193) |
| Matsbreyting verðbréfaeigna | 31.525 | 4.692.193 |
| Staða í árslok | **0** | **0** |

## 14. AÐRAR PENINGALEGAR EIGNIR

### Aðrar skammtímakröfur

| | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 156.690 | 1.512.444 |
| Aðrar kröfur | 60.954 | 709.657 |
| | **217.644** | **2.222.101** |

### Handbært fé

| | | |
|---|---|---|
| Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum | 68.200.292 | 53.123.375 |
| Óbundnar bankainnstæður í erlendri mynt | 922.060 | 864.364 |
| | **69.122.352** | **53.987.743** |

## 15. EIGIÐ FÉ

| Yfirlit yfir eigið fé 2017 | Eignarhluti í ísl. getspá | Annað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé í upphafi árs | 270.355.092 | 86.517.475 | 356.872.566 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | | 6.424.760 | 6.424.760 |
| Hlutdeild í afkomu Íslenskrar getspár | 4.588.119 | | 4.588.119 |
| Eigið fé í lok árs | **274.943.211** | **92.942.235** | **367.885.445** |

| Yfirlit yfir eigið fé 2018 | Eignarhluti í ísl. getspá | Annað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé í upphafi árs | 274.943.211 | 92.942.235 | 367.885.445 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | | 6.745.263 | 6.745.263 |
| Hlutdeild í afkomu Íslenskrar getspár | 93.125 | | 93.125 |
| Eigið fé í lok árs | **275.036.336** | **99.687.498** | **374.723.835** |

## 16. LANGTÍMASKULDIR

| | Skuldir við lánastofnanir | |
|---|---|---|
| | 2018 | 2017 |
| Skuldir í ISK – verðtryggðar | 46.171.971 | 49.362.982 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (2.812.509) | (2.834.244) |
| Langtímaskuldir í árslok | **43.359.462** | **46.528.738** |

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

| | Skuldir viðlánastofnanir |
|---|---|
| Næsta árs afborganir | 2.812.509 |
| Afborganir 2021 | 2.812.509 |
| Afborganir 2022 | 2.812.509 |
| Afborganir 2023 | 2.812.509 |
| Afborganir 2024 | 2.812.509 |
| Afborganir síðar | 32.109.426 |
| | **46.171.971** |

.

## 17. AÐRAR PENINGALEGAR SKULDIR

| Viðskiptaskuldir | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 9.554.199 | 9.478.514 |
| | **9.554.199** | **9.478.514** |

| Aðrar skammtímaskuldir | | |
|---|---|---|
| Virðisaukaskattur | 224.981 | 35.494 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 10.447.380 | 9.618.102 |
| Ógreiddir áfallnir vextir | 127.126 | 138.491 |
| Ógreiddir styrkir | 13.380.500 | 10.087.000 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 3.329.523 | 5.877.340 |
| Aðrar skuldir | 3.148.861 | 2.516.353 |
| | **30.658.371** | **28.272.780** |

| Næsta árs afborganir langtímaskulda | | |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 2.812.509 | 2.834.244 |
| | **2.812.509** | **2.834.244** |

## 18. SKULDBINDING VEGNA SÉRVERKEFNA

Í tilefni af 30 ára afmæli Íslenskrar getspár og vegna góðrar afkomu á árinu 2015 ákvað stjórn félagsins að úthluta aukagreiðslu umfram áður ákvarðaðar arðgreiðslur frá félaginu. Hlutdeild Ungmennafélags Íslands í aukagreiðslunni nam kr. 15.996.000 og var færð til tekna undir liðnum Aðrar tekjur. Stjórn Ungmennafélags Íslands hefur ályktað um ráðstöfun þessara fjármuna og fært til bókar skuldbindingu vegna verkefna sem fyrirhugað er að nýta fjármunina í. Á árinu 2017 var 8 milljónum af aukagreiðslu ársins 2016 ráðstafað í sérverkefni og 2 milljónum á árinu 2018, sem kom til lækkunar á skuldbindingunni. Eftirstöðvar skuldbindingarinnar í árslok 2018 eru 5.996.000 krónur. Stjórn tók ákvörðun í desember 2018 að 3 milljónum króna yrði ráðstafað í flutning Ungmenna- tómstundabúða UMFÍ árið 2019.

Ungmenna- og tómstundabúðir UMFÍ munu flytja á árinu 2019 frá Laugum í Sælingsdal til Laugarvatns. Stjórn hefur ákveðið að ráðstafa 6 milljónum króna af hagnaði Lauga og 1,5 milljón króna af hagnaði Aðalsjóðs árið 2018 til að standa straum af flutningskostnaði ungmennabúðanna. Í rekstrarreikningi hafa því verið gjaldfærðar samtals 7,5 milljón króna, sbr. skýring 7, og færð á móti skuldbinding að sömu fjárhæð meðal skulda.

## 19. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Ungmennafélag Íslands er skráður eigandi að 45 hektara landspildu í Þrastaskógi við Sog. Félagið fékk landið að gjöf á árinu 1911, með þeirri kvöð að ekki er heimilt að selja eða veðsetja umrædda landspildu. Í ljósi takmarkaðs ráðstöfunar- og nýtingaréttar er þessi eign ekki skráð í efnahagsreikning með öðrum eignum félagsins.

## 20. FRÆÐSLU- OG VERKEFNASJÓÐUR

### Rekstrarreikningur

| Tekjur | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Lottótekjur | 15.104.617 | 13.552.620 |
| Aðrar tekjur | 2.660.840 | 4.158.000 |
| | **17.765.457** | **17.710.620** |
| **Gjöld** | | |
| Veittir styrkir | 16.214.250 | 14.699.500 |
| | 16.214.250 | 14.699.500 |
| **Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða** | **1.551.207** | **3.011.120** |
| **Fjármagnstekjur og (gjöld):** | | |
| Vaxtatekjur | 1.003.372 | 1.050.388 |
| | 1.003.372 | 1.050.388 |
| **Rekstrarniðurstaða** | **2.554.579** | **4.061.508** |

### Efnahagsreikningur

| Eignir | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Krafa á eigin sjóði | 389.710 | 229.113 |
| Handbært fé | 37.399.449 | 33.311.967 |
| | **37.789.159** | **33.541.080** |

| Eigið fé og skuldir | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| **Eigið fé** | | |
| Eigið fé 01.01 | 22.904.080 | 18.842.572 |
| Afkoma ársins | 2.554.579 | 4.061.508 |
| | **25.458.659** | **22.904.080** |
| **Skuldir:** | | |
| Eigin sjóðir | 0 | 0 |
| Ógreiddir styrkir | 12.330.500 | 10.637.000 |
| | 12.330.500 | 10.637.000 |
| | **37.789.159** | **33.541.080** |

## 21. UMHVERFISSJÓÐUR

### Rekstrarreikningur

| Tekjur | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Önnur framlög | 300.000 | 700.000 |
| | 300.000 | 700.000 |
| **Gjöld** | | |
| Veittir styrkir...... | 300.000 | 950.000 |
| | 300.000 | 950.000 |
| **Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða** | **0** | **(250.000)** |
| **Fjármagnstekjur og (gjöld)** | | |
| Vaxtatekjur | 367.790 | 410.866 |
| **Rekstrarniðurstaða** | **367.790** | **160.866** |

### Efnahagsreikningur

| Eignir | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Krafa á eigin sjóði | 300.000 | 450.000 |
| Handbært fé | 14.023.436 | 13.655.646 |
| | **14.323.436** | **14.105.646** |

| Eigið fé og skuldir | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| **Eigið fé** | | |
| Eigið fé 01.01 | 12.905.646 | 12.744.780 |
| Afkoma ársins | 367.790 | 160.866 |
| | **13.273.436** | **12.905.646** |
| **Skuldir** | | |
| Ógreiddir styrkir | 1.050.000 | 1.200.000 |
| | 1.050.000 | 1.200.000 |
| | **14.323.436** | **14.105.646** |

## SAMANBURÐUR REKSTRAR VIÐ ÁÆTLUN

| Rekstrartekjur | 2018 | Áætlun 2018 |
|---|---|---|
| Ríkisframlag | 129.600.000 | 117.600.000 |
| Lottó og getraunir | 217.380.242 | 181.500.000 |
| Aðrar tekjur | 135.370.618 | 133.810.000 |
| Rekstrartekjur alls | **482.350.860** | **432.910.000** |
| **Rekstrargjöld** | | |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 118.924.373 | 119.158.162 |
| Lottó til sambandsaðila | 170.466.391 | 142.200.000 |
| Annar rekstrarkostnaður | 161.426.229 | 149.528.920 |
| Veittir styrkir | 17.744.250 | 13.600.000 |
| Afskriftir | 4.341.500 | 4.624.600 |
| Rekstrargjöld alls | **472.902.793** | **429.111.682** |
| **Rekstrarniðurstaða án fjármuna- og fjármagnsliða** | **9.448.067** | **3.798.318** |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | |
| Fjármagnstekjur | 1.959.307 | 2.360.000 |
| Fjármagnsgjöld | (4.662.111) | (4.200.000) |
| | (2.702.804) | (1.940.000) |
| **Rekstrarniðurstaða ársins** | **6.745.263** | **1.858.318** |




**UMFÍ** aðstoðar sambandsaðila og aðildarfélög þeirra við stjórnun og rekstur og leggur áherslu á að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur.

# LANDSMÓT UMFÍ FRÁ UPPHAFI




## LANDSMÓT UMFÍ

1. Akureyri 17. júní 1909
2. Reykjavík 17. – 25. júní 1911
3. Reykjavík 17. – 24. júní 1914
4. Haukadal 22. – 23. júní 1940
5. Hvanneyri 26. – 27. júní 1943
6. Laugum 6. – 7. júní 1946
7. Hveragerði 2. – 3. júlí 1949
8. Eiðum 5. – 6. júlí 1952
9. Akureyri 2. – 3. júlí 1955
10. Þingvöllum 29. – 30. júní 1957
11. Laugum 1. – 2. júlí 1961
12. Laugarvatni 3. – 4. júlí 1965
13. Eiðum 13. – 14. júlí 1968
14. Sauðárkróki 10. – 11. júlí 1971
15. Akranesi 11. – 13. júlí 1975
16. Selfossi 21. – 23. júlí 1978
17. Akureyri 10. – 12. júlí 1981
18. Keflavík og Njarðvík 13. – 15. júlí 1984
19. Húsavík 10. – 12. júlí 1987
20. Mosfellsbæ 12. – 15. júlí 1990
21. Laugarvatni 14. – 17. júlí 1994
22. Borgarnesi 3. – 6. júlí 1997
23. Egilsstöðum 12. – 15. júlí 2001
24. Sauðárkróki 12. – 15. júlí 2004
25. Kópavogi 5. – 8. júlí 2007
26. Akureyri 9. – 12. júlí 2009
27. Selfossi 4. – 7. júlí 2013
28. Sauðárkróki 12. - 15. júlí 2018 (Landsmótið)

## UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ

1. Dalvík 10. – 12. júlí 1992
2. Blönduósi 14. – 16. júlí 1995
3. Grafarvogi 3. – 5. júlí 1998
4. Vesturbyggð og Tálknafirði 4. – 6. ágúst 2000
5. Stykkishólmi 2. – 4. ágúst 2002
6. Ísafirði 1. – 3. ágúst 2003
7. Sauðárkróki 30. júlí – 1. ág 2004
8. Vík í Mýrdal 29. – 31. júlí 2005
9. Laugum 4. – 6. ágúst 2006
10. Höfn í Hornafirði 3. – 5. ágúst 2007
11. Þorlákshöfn 1. – 3. ágúst 2008
12. Sauðárkróki 31. júlí – 2. ágúst 2009
13. Borgarnesi 29. júlí – 1. ágúst 2010
14. Egilsstöðum 29. – 31. júlí 2011
15. Selfossi 3.–5. ágúst 2012
16. Höfn í Hornafirði 2.–4. ágúst 2013
17. Sauðárkróki 1.–3. ágúst 2014
18. Akureyri 30. júlí – 2. ágúst 2015
19. Borgarnesi 28.–31. júlí 2016
20. Egilsstöðum 3. – 6. ágúst 2017
21. Þorlákshöfn 2. - 5. ágúst 2018
22. Höfn í Hornafirði 1. – 4. ágúst 2019

## LANDSMÓT UMFÍ 50+

1. Hvammstanga 24. – 26. júlí 201
2. Mosfellsbæ 8.–10. júní 2012
3. Vík í Mýrdal 7. – 9. júní 2013
4. Húsavík 20.–22. júní 2014.
5. Blönduósi 26.–28. júní 2015
6. Ísafirði 10.–12. júní 2016
7. Hveragerði 23. – 25. júní 2017
8. Sauðárkróki 12. - 15. júlí 2018
9. Í Neskaupsstað 2019






# SAMBANDSAÐILAR

### HSB – HÉRAÐSSAMBAND BOLUNGARVÍKUR
Stofnað 15. desember 1982
Formaður: Jónas L. Sigursteinsson

### HSH – HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLSNESS- OG HNAPPADALSSÝSLU
Stofnað 24. september 1922
Formaður: Hjörleifur K. Hjörleifsson

### HSS – HÉRAÐSSAMBAND STRANDAMANNA
Stofnað 19. nóvember 1944
Formaður: Hrafnhildur Skúladóttir

### HSÞ – HÉRAÐSSAMBAND ÞINGEYINGA
Stofnað 31. Október 1914
Formaður: Jónas Egilsson

### HSV – HÉRAÐSSAMBAND VESTFIRÐINGA
Stofnað 30. apríl 2000
Formaður: Ásgerður Þorleifsdóttir

### HHF – HÉRAÐSSAMBAND HRAFNA-FLÓKI
Stofnað febrúar 1971
Formaður: Margrét Brynjólfsdóttir

### HSK – HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN
Stofnað 14. maí 1910
Formaður: Guðríður Aadnegard

### UÍA – UNGMENNA OG ÍÞRÓTTASAMBAND AUSTURLANDS
Stofnað 28. júní 1941
Formaður: Gunnar Gunnarsson

### UÍF – UNGMENNA OG ÍÞRÓTTASAMBAND FJALLABYGGÐAR
Stofnað 25. maí 2009 með sameiningu ÍBS & UÍÓ
Formaður: Þórarinn Hannesson

### USAH – UNGMENNASAMBAND AUSTUR HÚNVETNINGA
Stofnað 30. mars 1912
Formaður: Rúnar Aðalbjörn Pétursson

### UMSB – UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR
Stofnað 26. apríl 1912
Sambandsstjóri: Bragi Þór Svavarsson

### UDN – UNGMENNASAMBAND DALAMANNA OG NORÐUR BREIÐFIRÐINGA
Stofnað 24. maí 1918
Formaður: Heiðrún Sandra Grettisdóttir

### UMSE – UNGMENNASAMBAND EYJAFJARÐAR
Stofnað 8. apríl 1922
Formaður: Sigurður Eiríksson

### UMSK – UNGMENNASAMBAND KJALARNESÞINGS
Stofnað 19. nóvember 1922
Formaður: Valdimar Leó Friðriksson

**UMSS – UNGMENNASAMBAND SKAGAFJARÐAR**
Stofnað 17. apríl 1910
Formaður: Ingibjörg Klara Helgadóttir

**USVS – UNGMENNASAMBAND VESTUR- SKAFTAFELLSSÝSLU**
Stofnað 21. júní 1970
Formaður: Þorsteinn M. Kristinsson

**USVH – UNGMENNASAMBAND VESTUR- HÚNVETNINGA**
Stofnað 28. júní 1931
Formaður: Reimar Marteinsson

**USÚ – UNGMENNASAMBANDIÐ ÚLFLJÓTUR**
Stofnað 28. maí 1932
Formaður: Jóhanna Íris Ingólfsdóttir

# FÉLÖG MEÐ BEINA AÐILD AÐ UMFÍ

**KEFLAVÍK, ÍÞRÓTTA- OG UNGMENNASAMBAND**
Stofnað 29. september 1929
Formaður: Einar Haraldsson

**UFA – UNGMENNAFÉLAG AKUREYRAR**
Stofnað 5. apríl 1988
Formaður: Þórhallur Másson

**UMFG – UNGMENNAFÉLAG GRINDAVÍKUR**
Stofnað 13. febrúar 1935
Formaður: Bjarni Már Svavarsson

**UMFK – UNGMENNAFÉLAG KJALNESINGA**
Stofnað stofnað 26. maí 1938
Formaður: Björgvin Þór Þorsteinsson

**UMFN – UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR**
stofnað: 10.apríl 1944
Formaður: Ólafur Eyjólfsson

**UMFF – UNGMENNAFÉLAGIÐ FJÖLNIR**
Stofnað 11. febrúar 1988
Formaður: Jón Karl Ólafsson

**UMFÓ – UNGMENNAFÉLAGIÐ ÓÐINN**
Stofnað 6. mars 1989
Formaður: Örvar Guðni Arnarsson

**USK – UNGMENNAFÉLAGIÐ SKIPASKAGI**
Stofnað 1961
Formaður: Anna Bjarnadóttir

**V – UNGMENNAFÉLAGIÐ VESTURHLÍÐ**
Stofnað 27. maí 1987
Formaður: Einar Kristján Jónsson

**UV – UNGMENNAFÉLAGIÐ VÍKVERJI**
Stofnað 9. október 1964
Formaður: Árni Unnsteinsson

**UMFÞ – UNGMENNAFÉLAGIÐ ÞRÓTTUR**
Stofnað 23. október 1932
Formaður: Petra Ruth Rúnarsdóttir